



Ofbeldi og vanræksla barna

Löggjöf, afleiðingar og úrræði

Kristrún Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ofbeldi og vanræksla barna
Löggjöf, afleiðingar og úrræði

Kristrún Kristjánsdóttir
030888-2789

Lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf
Umsjónarkennari: Dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafardeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA gráðu í félagsráðgjöf og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.

© Krístrún Kristjánsdóttir 2011

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland 2011

Útdráttur

Þegar fjallað er um misbrest í uppeldi barna felur það í sér hugtökin ofbeldi og vanrækslu. Með ofbeldi er átt við ákveðna athöfn sem getur leitt til skaða á þroska og heilsu barnsins en vanræksla felur aftur á móti í sér að skortur er á nauðsynlegri athöfn sem getur leitt til neikvæðrar afleiðingar á heilsufar og þroskaferli barnsins. Til að koma í veg fyrir misbrest í uppeldi hafa ýmis lög, stofnanir og embætti verið sett með það að markmiði að standa vörð um réttindi og hagsmuni barna. Má þar meðal annars nefna barnalög, barnaverndarlög, umboðsmann barna og síðast en ekki síst Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þó að það hafi verið komið upp viðamiklu kerfi til að sporna gegn ofbeldi og vanrækslu barna er raunin sú að sum börn lifa við óviðunandi aðstæður í samfélaginu, en samkvæmt fjölmörgum rannsóknum sem hafa verið gerðar á misbresti í uppeldi barna leiða niðurstöður í ljós að ofbeldi og/eða vanræksla í æsku getur leitt til hegðunarerfiðleika og félagslegra, andlegra og tilfinningalegra vandkvæða. Til að draga úr þeim afleiðingum og tryggja að aðbúnaður barnanna versni ekki er það hlutverk ríkisins og sveitarfélaganna að sjá fyrir viðeigandi úrræðum fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Í þessari ritgerð verður leitast við að svara eftirfarandi spurningum: Hvaða afleiðingar hefur ofbeldi og vanræksla á börn? Hvernig er staðið vörð um öryggi og aðbúnað barna hér á landi? Hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem hafa upplifað ofbeldi og vanrækslu?

Formáli

Ritgerð þessi var skrifuð sem lokaverkefni í B.A námi við félagsráðgjöf í Háskóla Íslands. Ég vil sérstaklega þakka umsjónarmanni ritgerðarinnar Freydísi Jónu Freysteinsdóttur fyrir leiðbeiningar og góð ráð við gerð verkefnisins. Einnig vil ég þakka Helenu Konráðsdóttur fyrir stuðning og hvatningu við skriftir og að lokum Elínu Heiði Gunnarsdóttur fyrir yfirlestur á verkefninu.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	1
Formáli.....	2
Inngangur.....	5
1. Löggjöf	6
1.1 Ágrip á sögu barna og uppeldis hérlendis	6
1.2 Barnalög	7
1.3 Barnasáttmálinn	8
1.4 Umboðsmaður barna	9
2. Ofbeldi og vanræksla	10
2.1 Umfang ofbeldis og vanrækslu hér á landi.....	10
2. 2 Hvað er ofbeldi?	12
2.2.1 Líkamlegt ofbeldi	12
2.2.2 Kynferðislegt ofbeldi.....	13
2.2.3 Andlegt ofbeldi	13
2. 3 Hvað er vanræksla?	14
2.3.1 Líkamleg vanræksla.....	14
2.3.2 Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	15
2.3.3 Andleg (tilfinningaleg/sálræn/hugræn) vanræksla	15
2.3.4 Vanræksla varðandi nám	15
2.4 Áhættuþættir	16
2.4.1 Einstaklingsþættir	16
2.4.2 Fjölskylduþættir	17
2.4.3 Félagslegir þættir	17
2.4.4 Menningarlegir þættir	17
2.5 Afleiðingar	18

2.5.1 Óörugg tengslamyndun	22
3. Úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda	25
3.1 Barnaverndarlögin	25
3.2 Barnaverndaryfirvöld	26
3.3 Úrræði	27
3.3.1 Tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi og stuðningsfjölskylda	29
3.3.2 Foreldrafræðsla.....	29
3.3.3 Fósturvistanir	30
3.3.4 Heimili og stofnanir á vegum ríkisins.....	31
3.3.5 Fjölkerfameðferð (MST- Multisystemic Treatment).....	34
3.3.6 Barnahús	36
3.4 Árangurstengdar rannsóknir á úrræðum	37
4. Félagsráðgjöf.....	42
4.1 Barnaverndarstarfsmenn	45
Lokaorð	47
Heimildaskrá	50

Inngangur

Nútímasamfélag einkennist oft af streitu og einstaklingshyggju þar sem hver og einn þarf að sjá fyrir sér og sínum. Verkefnið hlaðast upp og einstaklingar halda vart í við öngþveiti samfélagsins. En hvað verður um börnin í þessum aðstæðum? Þó að flestar fjölskyldur standi sig vel í uppeldishlutverki sínu er misbrestur í uppeldi bláköld staðreynd sem fyrirfinnst í öllum samfélögum (Newman og Grauerholz, 2002).

Áður fyrr þótti það vera eðlilegt að veita börnum líkamlegar refsingar og æska var orð sem varla þekktist. Börn voru snemma talin fullorðnir einstaklingar og sinntu heimilisstörfum samhliða foreldrum sínum. Eftir því sem nær dregur nútímanum hlutu börn ýmis réttindi og gildi samfélagsins breyttust, börn áttu að njóta æskuáranna með leik og alast upp við betri aðstæður. Til að tryggja þessi réttindi barna hefur verið þróað barnaverndarkerfi hér á landi sem byggir á lögum, sáttmálum, embættum og stofnunum. Þeir aðilar sem tilheyra þessu kerfi gegna því sameiginlega hlutverki að vernda börn fyrir óviðeigandi aðstæðum og eiga ávallt að hafa hag barnsins að leiðarljósi í starfi sínu. Þó að þetta kerfi sé til staðar hindrar það ekki þá staðreynd að sum börn upplifa ofbeldi og/eða vanrækslu í æsku. Til að sporna gegn alvarlegum afleiðingum og áframhaldandi misbresti í uppeldi kemur það í hlut barnaverndarkerfisins að bjóða uppá möguleg stuðningsúrræði fyrir börn og fjölskyldur þeirra.

Í þessari ritgerð verður fjallað um ofbeldi og vanrækslu barna hér á landi. Leitast verður við að gera grein fyrir þeim ramma sem hefur verið settur hér á landi til að tryggja börnum viðeigandi uppvaxtarskilyrði, þar má aðallega nefna barnaverndarlög, barnalög, umboðsmann barna, Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og barnavernd. Börn geta orðið fyrir neikvæðum afleiðingum af misbresti í uppeldi og verður það því rauði þráðurinn hér á eftir ásamt þeim úrræðum sem barnaverndaryfirvöld bjóða uppá fyrir fjölskyldur sem hafa þörf á slíku. Að lokum verður athygli beint að því hvernig félagsráðgjöf og aðferðir hennar geta nýst í barnaverndarstarfi. Þær spurningar sem leitast verður eftir að svara eru: Hvaða afleiðingar hafa ofbeldi og vanræksla á börn? Hvernig er staðið vörð um öryggi og aðbúnað barna hér á landi? Hvaða úrræði eru í boði fyrir börn sem hafa upplifað ofbeldi og vanrækslu?

1. Löggjöf

1.1 Ágrip á sögu barna og uppeldis hérlendis

Viðhorf til bernsku og uppeldis hefur ekki alltaf verið það sama og viðgengst í nútímasamfélagi. Þegar litið er til sögu bernskunnar í stuttu máli hér á landi hefur margt breyst hvað varðar uppeldisgildi í þjóðfélaginu. Í bók Jónínu Einarsdóttur, Sesselju Th. Ólafsdóttur og Geirs Gunnlaugssonar (2004) er meðal annars sagt frá því hvernig hlutverk barna og gildi uppeldis hefur breyst síðan á 18. og 19. öld. Á þeim tíma var mikið harðræði og íbúar landsins bjuggu við erfið lífskjör. Vegna þessara skilyrða tíðkaðist það að börn allt frá fimm ára aldri neyddust til þess að stunda vinnu til að létta undir álaginu á heimilinu. Þau börn sem stóðu ekki undir þessum væntingum af hálfu foreldra og jafnvel samfélagsins var refsað harkalega. Strangar reglur um uppeldi og aga á börnum spilaði stóran þátt í því hvernig komið var fram við þau en á þessum tíma var tilskipun um húsagann við lýði á Íslandi, en hann birtist í lögum árið 1746. Húsagatilskipunin fól meðal annars í sér að foreldrar skyldu beita börn sín andlegri ögun og líkamlegum refsingum sem átti að lokum að leiða af sér ástúð og auðmýkt hjá börnunum. Áttunda grein húsagatilskipunarinnar felur í sér hvað foreldrar skuli gera ef börnin brjóta af sér, en þá ber foreldrum að:

straffa þau með alvarlegum orðum (þó fyrir utan blót og ósæmileg illyrði) ellegar so með hendi og vendi eftir ásigkomulagi yfirsjónarinnar. Þó skulu öll höfuðhögg og að slá í höstugri reiði vera hér með öldungis fyrirboðin. Mögli börnin eður láti sjá á sér fúlt, reiðuglegt andlit, þá tyftist þau með því meiri alvöruhefni, þangað til þau læra að sýna sig ástúðleg og auðmjúk (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004, bls.16).

Í lok 19. aldar spruttu upp nýjar hugmyndir um uppeldi barna hér á landi sem rekja má til kversins *Foreldrar og börn: uppeldisleiðarvísir* sem Ólafur Ólafsson þýddi. Sú harka sem hafði verið viðloðandi uppeldi barna minnkaði og enn fleiri foreldrar áttuðu sig á gildi góðs uppeldis (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004).

Árið 1932 voru síðan fyrstu heildarlögin sem snéru að barnavernd samþykkt en fram að því voru ýmis lagaákvæði í gildi sem snertu málaflokkinn (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Árið 1995 var lagaflokkurinn betrumbættur og nýju ákvæði bætt í Stjórnarskrá Íslands. Ákvæðinu var ætlað að ýta undir aðgerðir og skyldur

stjórnvalda til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst, meðal annars með því að setja lög og reglur er varða málaflokkinn (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.). Þó að það séu einungis um 80 ár síðan sérstök barnaverndarlög voru sett hér á landi hefur þróun löggjafar í barnarétti verið mikil á Íslandi undanfarna áratugi (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). Hér á eftir verður gerð grein fyrir hluta þeirra laga, reglna og embætta er ætlað er að standa vörð um réttindi barna hér á landi. Sérstök áhersla verður lögð á þann þátt sem lýtur að ofbeldi og vanrækslu barna, en samkvæmt Barnaverndarlögum nr. 80/2002 eru börn á Íslandi skilgreind sem allir einstaklingar undir 18 ára aldri.

1.2 Barnalög

Núverandi barnalög tóku gildi þann 1. nóvember árið 2003. Setning þessara laga markaði mikil tímamót í málaflokknum en í þeim lögum er foreldrum afdráttarlaust gerð skylda til að vernda barn sitt gegn hvers konar ofbeldi og annarsháttar vanvirðingu. Þar að auki uppfyllti Ísland með þessu ákvæði þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar varðandi Barnasáttmálann sem getið verður hér að neðan (Jónína Einarsdóttir o.fl., 2004). 28. grein Barnalaga nr. 76/2003 hljóðar svo:

Foreldrum ber að annast barn sitt og sýna því umhyggju og virðingu og gegna forsjár- og uppeldisskyldum sínum svo sem best hentar hag barns og þörfum. Forsjá barns felur í sér skyldu foreldra til að vernda barn sitt gegn andlegu og líkamlegu ofbeldi og annarri vanvirðandi háttsemi.

Þær forsjár-og uppeldisskyldur sem einnig er kveðið á um í lögnum er meðal annars að veita barni sínu lögmæta fræðslu, menntun og starfsþjálfun í samræmi við hæfni þess og áhuga, ala upp í barninu siðgæði og iðjusemi og ráða persónulegum högum þess. Því má sjá að með þessum lögum eru hagur og þarfir barnsins höfð í fyrirrúmi og mikilvægur þáttur í málefnum er varða börn og réttindi þeirra. Auk þess er sérstaklega kveðið á um að vernda skuli börn frá misbrestri í uppeldi og eru foreldrar fyrst og fremst settir í það hlutverk (Barnalög nr. 76/2003).

1.3 Barnasáttmálinn

Samningur Sameinuðu Þjóðanna um réttindi barnsins var samþykktur fyrir Íslands hönd árið 1989 á allsherjarþingi Sameinuðu Þjóðanna. Hann var þó ekki fullgildur hér á landi fyrr en árið 1992 og tók gildi þann 27. nóvember sama ár. Barnasáttmálinn, eins og samningurinn er oft kallaður, er sá mannréttindasamningur sem flestar þjóðir hafa staðfest, eða 192 aðildarríki, og jafnframt sá fyrsti sem setti fram sértæk réttindi barna. Samningurinn er alþjóðleg viðurkenning á því að börn séu sjálfstæðir einstaklingar með sín eigin réttindi, þau eru óháð fullorðnum og ekki eign þeirra eins og oft hafði gleymst í eldri mannréttindasamningum (Umboðsmaður barna, e.d.-a).

Barnasáttmálinn inniheldur í heild sinni 54 efnisgreinar, 41 grein sem fjallar um réttindi barna og 13 greinar um leiðir til þess að framfylgja samningnum. Barnasáttmálinn tekur til allra einstaklinga sem eru undir 18 ára aldri án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, kynhneigðar, tungu, fötlunar eða félagslegrar stöðu (Umboðsmaður barna, e.d.-a).

Samkvæmt Mannréttindaskrifstofu Íslands (e.d.) skiptir Barnasáttmálinn réttindum barna niður í fjögur svið; rétt til lífs, rétt til að þroskast og læra, rétt til þátttöku og rétt til verndar. Réttur til lífs felur í sér að barnið hefur rétt á lífi og þeirri kröfu um að komið sé til móts við grundvallarþarfir þess. Með því er átt við að barnið fái viðeigandi næringu, húsaskjól og aðgang að heilbrigðisþjónustu. Réttur til að þroskast og læra snýr að því að barn eigi rétt á því að þróa og þroska hæfileika sína með því að hafa aðgang að tólmstundum og leik, trúfrelsi, upplýsingum, menntun og frelsi til sjálfstæðrar hugsunar. Réttur til þátttöku snýst um að börn og unglingar hafi rétt til að taka þátt í samfélaginu sem þau lifa í, meðal annars að þau hafi færi á því að tjá viðhorf sitt, tilheyra félögum og geta sagt skoðanir sínar á málefnum sem beinast að þeirra eigin lífi. Að lokum fjallar réttur til verndar um að samfélagið skuli tryggja börnum öryggi og vernd fyrir hvers konar misbresti í aðbúnaði, til að mynda ofbeldi, vanrækslu og misnotkun.

Í 19. grein Barnasáttmálans kemur fram að þau ríki sem hafa undirritað sáttmálann skuli sjá til þess að stjórnvísla, löggjöf, menntunar- og félagsmál komi sér upp viðeigandi ráðstöfunum til að vernda börn gegn hvers kyns misbresti í hvaða aðstæðum sem er. Félagsþjónusta aðildarríkisins á auk þess að sjá til þess að

nauðsynlegur stuðningur sé veittur börnum og fjölskyldum þeirra sem hafa þörf á því vegna aðstæðna. Samkvæmt 20. grein sáttmálans á barn rétt á viðeigandi aðstoð og vernd ríkisins ef svo er statt að það búi við óviðunandi aðstæður. Stjórnvöld skulu því sjá fyrir viðeigandi umönnunarráðstöfun svo sem fóstri, vistun á stofnun eða ættleiðingu (Umboðsmaður barna, e.d.-b).

Sáttmálinn kveður jafnframt á um að þau réttindi sem börnum eru veitt purfi að framkvæma út frá þremur lykilatriðum. Í fyrsta lagi eiga hagsmunir barnsins ávallt að vera í fyrirrúmi í allri starfssemi sem tengist börnum og starfi sem unnið er í þágu þeirra, hvort sem það er á vegum opinberra aðila, einkaaðila, dómstóla eða stjórnvalda. Í öðru lagi skal starfið vera framkvæmt án nokkurrar mismununar; að réttindi barna séu tryggð án tillits til litarháttar, tungumáls, þjóðernis, efnahagslegrar og samfélagslegrar stöðu eða nokkura annarra sérkenna. Í þriðja og síðasta lagi eiga öll börn að hafa færi á því að taka virkan þátt í málefnum er varða þau og hafa rétt til að láta skoðanir sínar í ljós. Viðhorf barnanna á að taka alvarlega og vera í samræmi við aldur þeirra og þroska (Mannréttindaskrifstofa Íslands, e.d.).

Með undirritun sammingsins ber aðildarríkjum skylda að mæta þeim þörfum sem sáttmálinn felur í sér. Því hvetur hann ríkin til að grípa til aðgerða sem stuðla að stöðugri þróun á velferð barna á mörgum sviðum, meðal annars menntunar-, félagsmála- og á heilbrigðissviðum (Umboðsmaður barna, e.d.-a).

1.4 Umboðsmaður barna

Embætti umboðsmanns barna var stofnað árið 1995 og gegnir veigamiklu hlutverki í að tryggja öryggi og velferð barna hérlendis. Embættið starfar eftir lögum um umboðsmann barna sem hefur það að markmiði að bæta hag barna og gæta þess að hagsmunum, þörfum og réttindum þeirra sé fullnægt. Starf umboðsmannsins felur í sér að vekja athygli á því sem betur má fara í hagsmuna- og réttindamálum barna á öllum sviðum samfélagsins. Hann gætir þess að tekið sé mið af hagsmunum barna við ákvarðanatöku, lagasetningu og skipulagningu í þjóðfélaginu og er jafnframt talsmaður barna og unglinga. Sem talsmaður barna er átt við að umboðsmaðurinn komi viðhorfum barnanna fram á sjónarsvið í samfélaginu svo

raddir þeirra gleymist ekki í mikilvægum málefnum og við ýmsar ákvarðanir sem snerta börn (Umboðsmaður barna, e.d.-c).

Í 3. grein laga um umboðsmann barna nr. 83/1994 er kveðið á um hlutverk hans. Í lögunum segir að umboðsmaður barna skuli setja fram ýmsar tillögur eða ábendingar um úrbætur sem snerta hagsmuni barna á hvaða hliðum samfélagsins sem er. Umboðsmaður barna skal vekja athygli á málefnum barna í þjóðfélaginu, sjá til þess að þeir samningar sem Ísland hefur skrifað undir sem tengjast réttindum og velferð barna séu uppfylltir og fullgildir, bregðast við með viðeigandi úrræðum ef brotið hefur verið gegn þörfum, réttindum og hagsmunum barna, upplýsa almenning um lög og reglugerðir er varða börn og stuðla að rannsóknum á málaflokki barna (Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994). Umboðsmaður barna sér þó ekki um mál einstakra barna en leiðbeinir þeim einstaklingum sem til hans leita með slík mál til viðeigandi stofnana, svo sem til barnaverndanefndar (Umboðsmaður barna, e.d.-c).

2. Ofbeldi og vanræksla

2.1 Umfang ofbeldis og vanrækslu hér á landi

Í ársskýrslu Barnaverndarstofu (2010) frá árunum 2008-2009 má finna tölfraðilegar upplýsingar sem gefa til kynna hvernig umfang ofbeldis og vanrækslu barna er hér á landi. Á árunum 2005-2009 jókst fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefnda um rúmlega 56%, eða úr 5.952 í 9.299. Ákveðið var að hefja könnun á málum 2.187 barna árið 2005 en 2.569 barna árið 2008. Barnaverndarmálum hefur fjölgað síðustu ár úr 3.643 málum árið 2005 í 4.265 árið 2008. Þó að tilkynningum um ofbeldi og vanrækslu og barnaverndarmálum hafi fjölgað svo um munar síðustu ár skal vekja athygli á því að fjöldi barnaverndarstarfsmanna hefur ekki aukist samhliða þeirri þróun.

Þegar litið er til hlutfalls kynjaskiptingar eru í við fleiri mál drengja en stúlkna í vinnslu, eða 2.329 á móti 1.935 árið 2008. Sama ár voru drengir á aldrinum 15-17 ára með hæsta hlutfall mála eða 14,7%, en hjá stúlkum var algengasti aldurshópurinn 11-14 ára eða 12,4% mála. Þeir sem tilkynna málin eru í langflestum tilvikum opinberir aðilar eða í 72,6% tilfella árið 2009. Lögreglan er þar með langstærsta hlutfallið eða 49,7% allra tilkynninga en þar á eftir eru

grunnskólar með 9,7% tilfella. Í 9% tilfella voru það foreldrar barnsins sem tilkynntu sjálfir (Barnaverndarstofa, 2010).

Eins og sjá má á töflu 1 voru ástæður tilkynninga árið 2009 í 46,4% tilvika áhættuhegðun, 34,7% vegna vanrækslu, 18,6% vegna ofbeldis og 0,4% vegna ófædds barns. Tölur frá árinu 2008 sýna að ekki voru miklar breytingar á því hvaða ástæða liggur að baki hvernar tilkynningar milli áranna, þó lækkaði hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar árið 2009 en hlutfall vanrækslu hækkaði (Barnaverndarstofa, 2010).

Tölur frá árinu 2009 sýna að tilkynningar vegna áhættuhegðunar voru í flestum tilvikum vegna afbrots eða 21,1%. Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit var lang algengust ástæðna vanrækslutilkynninga eða í 28,3% tilfella. Ekki var eins mikill munur á tilkynningum vegna ofbeldis en tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi var þar hæst, eða 8,3% (Barnaverndarstofa, 2010).

Tafla 1. Ástæður tilkynninga frá árunum 2008 og 2009.

	<u>2008</u>	<u>2009</u>
Vanræksla	<u>29,7%</u>	<u>34,7%</u>
Líkamleg vanræksla	1,3%	1,7%
Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	24%	28,3%
Vanræksla varðandi nám	1,2%	1,2%
Tilfinningaleg vanræksla	3,2%	4,1%
Ofbeldi	<u>18,5%</u>	<u>18,6%</u>
Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi	6,9%	8,3%
Líkamlegt ofbeldi	5,8%	5,8%
Kynferðislegt ofbeldi	5,8%	4,7%
Áhættuhegðun	<u>51,9%</u>	<u>46,4%</u>
Neysla barns á vímuefnum	7,3%	7,1%
Barns stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	12,6%	11,7%
Afbrot barns	24,8%	21,1%
Barn beitir ofbeldi	4,5%	4,3%

Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt	2,9%	2,7%
Heilsa eða líf ófæddis barns í hættu	<u>0,6%</u>	<u>0,7%</u>

Barnaverndarstofa, 2010, bls. 50

Eins og áður hefur verið nefnt voru 2.569 mál barna könnuð árið 2008. Eftir að lokið var könnun á málum barnanna hlutu 1.356 fjölskyldur úrræði hjá barnaverndarnefndum eða 52,8%. Helstu ástæður þess að þörf var talin á einhverskonar ráðstöfunum var vegna vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit eða í 26,2% tilvika. Þar á eftir var það vegna þess að barn ógnaði eigin heilsu og lífi eða 11,8% (Barnaverndarstofa, 2010).

2. 2 Hvað er ofbeldi?

Ofbeldi er skilgreint sem athöfn sem leiðir af sér eða er líkleg til að valda skaða á þroska barns. Ofbeldi hefur verið flokkað niður í þrjá flokka; líkamlegt ofbeldi, kynferðislegt ofbeldi og andlegt ofbeldi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Eins og áður hefur komið fram varðar ofbeldi gegn börnum við lög (Barnaverndarlög nr.80/2002).

2.2.1 Líkamlegt ofbeldi

Þegar líkamlegu afli er beitt gegn einstaklingi er um líkamlegt ofbeldi að ræða (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Líkamlegt ofbeldi forsjáraðila gegn barni sínu á sér stað ef athöfin er viljandi og leiðir til áverka. Því er ávallt mikilvægt að ganga úr skugga um hvort verknaðurinn hefur verið viljandi eða óviljandi, þó telst það ekki viljandi ef foreldri hefur þurft að beita sjálfsvörn gegn ofbeldi af hálfu barnsins (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Sem dæmi um líkamlegt ofbeldi er þegar barn er slegið með flötum lófa, hluti er hent í það, það brennt eða hrisst óhóflega. Líkamlegu ofbeldi getur einnig verið beitt á óbeinan hátt svo sem þegar barni er gefið lyf án læknisráðs eða því hefur verið byrjað eitur (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Áverkar ofbeldisins geta bæði verið sýnilegir og faldir. Sýnilegir áverkar eru til dæmis marblettir, upphleypt svæði á húð, brunasár og ör. Faldir áverkar eru til

að mynda sprunga í beini, rifin hljóðhimna, tognun eða einhverskonar miðtaugakerfisskaði (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

2.2.2 Kynferðislegt ofbeldi

Hugtakið kynferðislegt ofbeldi er oft skilgreint sem kynferðisleg athöfn sem fer fram gegn vilja einstaklings og nær það yfir kynferðislega misnotkun, áreitni og sífjaspell (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006). Kynferðislegt ofbeldi gegn barni felur í sér kynferðislega athöfn með eða gagnvart einstaklingi undir 15 ára aldri með eða án samþykkis hans (Almenn hegningarlög nr.19/1940; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Segja má að börn séu ófær um að skilja kynferðislegar athafnir vegna þroska þeirra eða aldurs, þar af leiðandi geta þau ekki tekið ákvörðun um hvort þau vilji taka þátt í athöfninni eða ekki (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

Hægt er að flokka kynferðislegt ofbeldi gegn börnum niður í þrjú stig eftir alvarleika þess, en fyrstu tvö stigin fela í sér beina snertingu við barnið. Tekin verða dæmi hér að neðan en má þó nefna að þau eru ekki tæmandi. Fyrsta stigið er samfarir forsjáraðila og barns og munnmök forsjáraðila við barn eða öfugt. Annað stigið inniheldur þukl innan klæða á eða við kynfæri barns, eða að barn er fengið til þess að káfa innan klæða á kynfærum eða svæðum í kringum þau. Þriðja stigið felur meðal annars í sér kynferðislegt tal, að klámefni sé sýnt barni, sýni- og gægjuhneigð og þukl utan klæða (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

2.2.3 Andlegt ofbeldi

Andlegt ofbeldi er skilgreint sem tilfinningalegt, sálrænt og hugrænt ofbeldi, en þessir þættir hafa allir veruleg áhrif á andlega heilsu barna. Til þess að greina birtingarmyndir andlegs ofbeldis má nota þrens konar viðmið. Það fyrsta er þegar forsjáraðilinn gerir það að vana sínum að koma illa fram við barn sitt og niðurlægja það, til dæmis þegar lítið er gert úr eiginleikum og athöfnum barnsins og talað er til þess á niðrandi hátt. Annað viðmið er þegar forsjáraðili er of kröfuharður við barn sitt og ætlast til of mikils af því án tillits til þroska þess og aldurs. Þriðja og síðasta viðmiðið er þegar forsjáraðili lítur ekki á barn sitt sem sjálfstæðan einstakling heldur einungis sem hluta af sjálfum sér. Hlutverkaskipti á sér þá jafnvel stað, það er forsjáraðilinn notar barnið til þess að uppfylla sálrænar þarfir sínar en ekki öfugt eins og það ætti að vera (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

Önnur dæmi um andlegt ofbeldi eru til dæmis höfnun, afneitun foreldra og að verða vitni að ofbeldi milli foreldra sinna (Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir, 2006).

2.3 Hvað er vanræksla?

Hugtakið vanræksla er skilgreint sem vöntun á nauðsynlegri athöfn sem getur leitt til skaða á þroska barns, með öðrum orðum, að uppeldisþörfum barns er ekki fullnægt heldur skortir það viðeigandi umönnun. Vanrækslu er skipt niður í fjóra flokka; líkamlega vanrækslu, vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, andlega (tilfinningalega/sálræna/hugræna) vanrækslu og vanrækslu varðandi nám (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.).

2.3.1 Líkamleg vanræksla

Líkamlega vanrækslu má skilgreina sem svo að líkamlegum grunnþörfum barnsins er ekki fullnægt og getur það haft slæm áhrif á heilsu og velferð þess. Hægt er að skipta líkamlegri vanrækslu niður í sex flokka. Þeir eru eftirfarandi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003):

1. Döfnunardeill á yfirleitt við hjá mjög ungum börnum, undir eins árs aldri, þegar þau stækka og þyngjast ekki eðlilega í samanburði við önnur börn. Þar að auki er hreyfiþroski þeirra lítill.
2. Fæðu og næringu er ábótavant miðað við aldur og þroska barnsins.
3. Fatnaði er ábótavant. Til dæmis að fatnaðurinn er of lítill eða of stór eða ekki nógu hlýr miðað við veður.
4. Hreinlæti er ábótavant. Sem dæmi má nefna ef barnið fer ekki reglulega í bað eða er ekki tannburstað.
5. Húsnæði er ábótavant, jafnvel óíbúðarhæft, hætta stafar að því eða það er ekkert hússaskjól.
6. Heilbrigðisþjónusta er ábótavant. Til dæmis ef forsjáraðili fer ekki eftir fyrirmælum lækna og gefur barni ekki nauðsynleg lyf.

2.3.2 *Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit*

Skortur á umsjón og eftirliti getur leitt til þess að öryggi og velferð barnsins sé í hættu. Það er barnið býr ekki yfir hæfni og hefur ekki burði til þess að tryggja öryggi sitt í aðstæðum sem það er í. Sem dæmi má nefna að barn er ekki sett í barnastól í bíl eða að barn undir sex ára aldri er skilið eitt eftir heima eða hjá óhæfum aðila (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003).

2.3.3 *Andleg (tilfinningaleg/sálræn/hugræn) vanræksla*

Birtingarmyndir sálrænnar, hugrænnar og tilfinningalegrar vanrækslu eru margbreytilegar en hér að neðan verður greint frá fjórum viðmiðum er varða slíka vanrækslu. Hið fyrsta er skortur á tengslamyndun milli barns og forsjáraðila sem er afleiðing þess að forsjáraðilinn sinnir ekki tilfinningalegum þörfum barns síns þegar það hefur þörf fyrir umönnun og stuðning, til dæmis þegar barn grætur. Annað er þegar forsjáraðili hindrar hugrænan þroska barnsins, hann veitir því ekki rétta örvun til dæmis með því að koma sér hjá tækifærum til að örva hugrænan þroska og kenna barninu, það er lætur það vera afskiptalaust. Hið þriðja er að forsjáraðili kemur í veg fyrir eðlilegan félagslegan þroska, meðal annars með því að halda barninu félagslega einangruðu eða með því að trufla tilraunir þess til að mynda félagsleg tengsl við jafningja sína. Hið fjórða og seinasta er þegar forsjáraðili setur barninu hvorki viðeigandi mörk né beitir nauðsynlegum aga en það getur leitt til hegðunarvandkvæða (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.).

2.3.4 *Vanræksla varðandi nám*

Vanræksla varðandi nám á við þegar aðhald og stuðningur forsjáraðila er ábótavant þegar kemur að menntun barnsins. Notuð eru fjögur viðmið, það fyrsta er ef mæting barnsins í skólann er slök og foreldrar hunsa það. Annað er ef barnið er ekki skráð í grunnskóla eða mætir illa vegna ólögmetra ástæðna, svo sem af því það er að passa yngra systkini. Hið þriðja er ef foreldri fer ekki eftir ábendingum skólans um sértæka þjónustu fyrir barnið, til dæmis vegna námsörðugleika. Hið fjórða og seinasta á við ef barnið vantar ítrekað hluti og áhöld sem eru nauðsynleg í skólastarfinu, meðal annars bækur, sundföt eða leikfímiföt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.).

2.4 Áhættuþættir

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2004) notar vistfræðilíkan Belsky's sem hugtakaramma í rannsókn sinni á áhættuþáttum er varða misbrest í uppeldi barna, en það eru þeir þættir sem hafa háa fylgni við ofbeldi og vanrækslu sem síðar meir geta haft verulegar neikvæðar afleiðingar á velferð barna.

Vistfræðilíkan Belsky's er einskonar yfirkenning þar sem aðrar þrengri kenningar eru innan hennar. Þær kenningar sem mynda vistfræðilíkanið eru til dæmis einstaklingskenningar (hegðunarkenningar), samskiptakenningar (fjölskyldu- og tilfinningatengsl) og félagslegar kenningar (áhrif umhverfisins), en þar að auki tekur líkanið einnig tillit til menningaráhrifa. Líkanið skiptir áhættuþáttunum niður í fjögur svið; einstaklingssvið (móðir, faðir og barn), fjölskyldusvið, félagslegt svið og menningarsvið, en nánar verður fjallað um þau hér á eftir. Á hverju sviði viðgangast síðan ákveðnir áhættuþættir auk verndandi þátta sem draga úr líkum á misbresti í aðbúnaði. Þegar umfang og fjöldi áhættuþáttanna yfirgnæfir umfang og fjölda verndandi þáttanna verður barnið fyrir misbresti í uppeldi. Þó þarf að hafa í huga að samvirkni er á milli og innan sviðanna, til dæmis ef foreldri missir vinnuna (félagslegur þáttur) eykur það líkur á misbresti í uppeldi en stuðningur frá fjölskyldu (fjölskylduþáttur) dregur úr líkum á misbresti í aðbúnaði (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004).

2.4.1 Einstaklingsþættir

Meiri líkur eru á að foreldrar sem sjálfir hafa upplifað misbrest í æsku, vanræki börn sín eða beiti þau ofbeldi. Foreldrar sem eru ungir, kljást við geðræn vandkvæði, eiga við námsörðugleika að stríða, áfengis-eða vímuefnavanda eða þunglyndi eru einnig líklegri til að valda misbresti í uppeldi barna sinna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004). Ýmsir eiginleikar barna auka einnig líkurnar á hvort þau verða fyrir misbresti í uppeldi eða ekki. Til dæmis eru ung börn, fyrirburar, börn sem eru greindarskert, fötluð eða með erfiða skapgerð í áhættuhópi. Auk þess getur kyn einstaklings spilað inn í en kynferðisbrot gagnvart stelpum eru mun algengari en gagnvart strákuum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005-a).

2.4.2 Fjölskylduþættir

Líklegra er að börn í ákveðnum fjölskyldugerðum eigi á hættu að verða fyrir ofbeldi eða vanrækslu en rannsóknir hafa leitt í ljós að einstæðir foreldrar, fjölskyldur með mörg börn og lítið aldursbil milli systkina eru fjölskyldur sem eru í meiri hættu en aðrar fjölskyldur. Börn í stjúpjölskyldum eru einnig í mun meiri áhættu að verða fyrir kynferðislegu ofbeldi. Tengsl og samskipti innan fjölskyldunnar skipta einnig miklu máli en ágreiningur milli foreldra annars vegar eða foreldra og barns hins vegar getur skapað aukna hættu á ofbeldi og vanrækslu (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005-a).

2.4.3 Félagslegir þættir

Börn sem alast upp í fátækum fjölskyldum eru tólf sinnum líklegri til að verða fyrir ofbeldi og enn meiri líkur eru á að þau upplifi vanrækslu miðað við önnur börn. Aðrir efnahagslegir áhættuþættir eru meðal annars lágt menntunarstig foreldra eða atvinnuleysi þeirra (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005-a). Skortur á félagslegum stuðningi, óformlegum og formlegum, eykur einnig líkur á misbresti í uppeldi barna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004).

2.4.4 Menningarlegir þættir

Menning hefur mikil áhrif á það sem viðgengst í samfélaginu, bæði hugmyndir og hegðun almennings. Viðhorf til líkamlegra refsinga gagnvart börnum er því misjafnt eftir menningarsvæðum sem og viðhorf til hlutverks barna. Hér á landi tíðkast ofbeldi ekki sem viðeigandi uppeldisaðferð og er því tíðni ofbeldis gegn börnum mun lægri héraendis miðað við til dæmis Bandaríkin þar sem líkamlegar refsingar eru viðurkenndar (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005-a). Aðrir menningarbundnir þættir sem geta haft áhrif á misbrest í uppeldi barna eru til dæmis trú, einstaklingshyggja og þjóðerni. Þeir menningarþættir sem eru bundnir við Ísland eru meðal annars há slysatíðni meðal barna, viðurkenning samfélagsins á því að tiltölulega ung börn passi önnur börn og börn sem eru fremur ung að aldri séu ein heima á meðan foreldrar þeirra stundi vinnu (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005-b).

2.5 Afleiðingar

Þegar barn hefur orðið fyrir misbresti í uppeldi hefur það oft á tíðum neikvæðar afleiðingar á líf þess og heilbrigði. Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2005-b) skiptir afleiðingum ofbeldis og vanrækslu í tvo meginflokka; innhverf vandkvæði og úthverf vandkvæði. Innhverf vandkvæði eru algengari meðal stelpna en úthverf eru aftur á móti algengari hjá strákum. Innhverf vandkvæði koma fram í andlegri vanlíðan, til dæmis kvíða og þunglyndi, en úthverf vandamál koma fram í hegðun, svo sem árásarhneigð og afbrotum. Langvarandi og síendurtekin einkenni geta leitt til þess að einstaklingurinn greinist með geðræn vandkvæði, svo sem mótþróastréituröskun eða þunglyndi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004).


Miller-Perrin og Perrin (2007) gera grein fyrir afleiðingum ofbeldis og vanrækslu hvers flokks fyrir sig í bók sinni *Child Maltreatment*. Í þeirri bók kemur fram að algengar afleiðingar þess að vera fórnarlömb misbrests í æsku eru neikvæð áhrif, bæði líkamlega og andlega. Börnin geta þróað með sér hegðunar-, hugræn- og félagsleg vandkvæði sem taka á sig ýmsar birtingarmyndir. Auk þeirra vandkvæða eru fórnarlömb misbrests í uppeldi í meiri hættu á því að þróa með sér ýmsa geðræna sjúkdóma svo sem áfallastreituröskun og upplausnarhegðunarvandkvæði. Sem dæmi um afleiðingar vanrækslu má meðal annars nefna hægán mál- og vitsmunapróska, slakur námsárangur, tilfinningadeyfð, lágt sjálfsmat, árásgirni og ýmis geðræn vandamál svo sem kvíði, þunglyndi og persónuleikaraskanir. Rannsóknir gefa til kynna að áhrifin geti verið langvinnandi en vanræksla í æsku hefur meðal annars verið tengd við andfélagslegan persónuleika, langvarandi depurð og alkahólisma á fullorðinsárum. Erfitt er þó að gera grein fyrir afleiðingum vanrækslu einnar og sér þar sem hún helst oft á tíðum í hendur við annarskonar félagsleg vandkvæði. Afleiðingar ofbeldis eru að mörgu leyti svipaðar, svo sem slakur hugrænn og vitsmunalegur proski, ofbeldishneigð, léleg félagsfærni, vonleysi, sjálfsvígshugsanir, kvíði og þunglyndi.

Dæmi um félags- og hegðunarvandkvæði sem orsakast af misbresti í uppeldi er áhættuhegðun einstaklings sem lýsir sér meðal annars í glæpa- og ofbeldisfullri hegðun og vímuefnaneyslu (Miller-Perrin og Perrin, 2007). Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að skýr tengsl eru á milli þess að hafa upplifað ofbeldi

eða vanrækslu í æsku og áhættu hegðunar barns (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Í rannsókn Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2008) ber hún saman unglunga sem fóru annars vegar í langtímameðferð og hins vegar unglunga sem nutu vægari úrræði vegna áhættu hegðunar. Áhættu hegðun er þar skilgreind sem atferli eða líðan unglings sem hættir til að skaða sjálfan sig eða aðra og/eða auknar líkur eru á því að unglingurinn skaði sjálfan sig eða valdi öðrum skaða í framtíðinni. Birtingarmyndir áhættu hegðunar eru fjölbreytilegar svo sem neysla vímuefna, afbrot, vændi, ofbeldishneigð, vanræksla á námi og tilraun til sjálfsvígs. Áhættu hegðun getur bæði hafist á unglingsárunum eða átt upptök sín á barnsaldri.

Þróun áhættu hegðunar er hægt að útskýra með líkani Patterson's þar sem þróun andfélagslegrar hegðunar er lýst (sjá mynd 1), en líkanið sem er hér að neðan var þýtt af Freydís Jónu Freysteinsdóttur og birt með leyfi hennar. Líkanið felur í sér fimm stig sem gera ráð fyrir líklegri hegðun barnsins og félagslegu umhverfi þess frá einu stigi til þess næsta en með hverju stigi aukast líkurnar á langvarandi félagslegum erfiðleikum og afbrotahæðun. Samkvæmt líkaninu eru aðferðir sem foreldrar nota í uppeldi barna sinna fyrst og fremst taldar ráða úrslitum um hvort barn þrói með sér hegðunarvanda. Auk þessa tekur líkanið einnig tillit til annarra breyta sem geta haft áhrif á samskipti innan fjölskyldunnar en þessi atriði tilheyra fyrstu tveimur stigum líkansins. Þriðja stigið felur í sér að hegðunarerfiðleikar leiða af sér námserfiðleika og höfnun jafningja sem geta enn fremur leitt til þess að einstaklingur myndar tengsl við aðra í svipuðum sporum sem er fjórða stig líkansins. Að lokum leiðir ofangreint ferli til þess að líkur á afbrotahæðun og vímuefnaneyslu aukast (Patterson, DeBaryshe og Ramsey, 1990).

Mynd 1. Þróun andfélagslegrar hegðunar – Líkan Patterson's



Til nánari útskýringar má rekja þroskasögu unglings, sem sýnir áhættuhegðun, til óæskilegrar hegðunar á leikskólaaldri því einstaklinginn skorti aga, eftirlit og stuðning foreldra í æsku (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2007). Auk þess er líklegt að léleg tilfinningatengsl hafi myndast milli barns og foreldra í æsku (Patterson o.fl., 1990). Á fyrstu árunum er óæskileg hegðun barnsins styrkt meðan æskileg hegðun þess er hunsuð og leiðir það til áframhaldandi hegðunarvanda fram að skólaaldri (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Á þeim tíma er einkennandi fyrir börnin að þau skorti sjálfstjórn, séu neikvæð og óhlýðin við yfirvaldið, séu árásargjörn og hafi lélega félagsfærni (Halldór Sigurður Guðmundsson, 2007) sem eykur að jafnaði hættu á að þau upplifi vanlíðan og jafnvel þunglyndi (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008). Þessi krefjandi hegðun barnsins er líkleg til að leiða af sér tvennskona viðbrögð frá umhverfinu á skólaaldri, annars vegar höfnun jafningja og hins vegar slakan námsárangur (Patterson o.fl., 1990).

Andfélagsleg hegðun og höfnun af hálfu jafningja gerir það að verkum að við upphaf unglingsáranna leitast einstaklingarnir eftir því að mynda tengsl við önnur börn sem eru í svipaðari stöðu og hegða sér í samræmi við þau. Við það eykst hættan á að birtingarmyndirnar verði alvarlegri þar sem einstaklingarnir ýta undir hvatvísi, réttlætingu og skoðanir hvor annarra sem getur meðal annars leitt til afbrotahegðunar og vímuefnanotkunar (Patterson o.fl., 1990). Ef þróunin heldur áfram er líklegt að einstaklingarnir virði ekki viðmið og reglur þjóðfélagsins á fullorðinsárum og haldi áfram að þróa með sér andfélagslega hegðun ef enginn grípur í taumana (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2008).

Niðurstöður Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2008) á samanburði einstaklinga sem fóru í langtímameðferð vegna áhættuhegðunar eða hlutu vægari úrræði leiddu í ljós að unglíngarnir glímdu við margvísleg vandamál sem virtist meðal annars vera hægt að rekja til misbrests í uppeldi, en meirihluti einstaklingana í úrtakinu höfðu upplifað ýmist ofbeldi og/eða vanrækslu. Hátt hlutfall þátttakenda áttu í erfiðleikum félagslega, sýndu til dæmis árásargirni eða þjáðust af þunglyndi. Auk þess hafði þriðjungur þeirra sýnt fram á sjálfskaðandi hegðun, 12% stundað vændi og nokkuð hátt hlutfall stundað einhverskonar afbrot. Þeir sem höfðu farið í langtímameðferð áttu við fleiri hegðunarvandamál að stríða

en meðal annars voru meiri líkur á því að þeir hefðu þróað með sér skapofsa og mótþróaþrjóscuröskun, ofbeldishneigð, orðið gerendur eineltis eða upplifað önnur félagsleg vandkvæði. Rannsóknin rennir einnig stoðum undir líkan Patterson's þar sem hátt hlutfall unglínganna bjó ekki við viðunandi aðbúnað, til dæmis vegna fjárskorts eða vímuefnaneyslu foreldra, og virðast þær aðstæður hafa getað leitt til skorts á ögun, eftirliti og stuðningi foreldra sem eykur líkur á þróun andfélagslegrar hegðunar.

Halldór Sigurður Guðmundsson (2007) rannsakaði hegðun og líðan 11-18 ára barna innan barnaverndarkerfisins hÉrlendis og var þróunarlíkan Patterson's hugmyndafræðilegur rammi rannsóknarinnar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að þau vandamál sem börnin stríddu við mældust oftar en ekki yfir viðmiðum en þau voru til dæmis félagslegur vandi, andfélagsleg hegðun, hlédrægni, depurð, brot á reglum, árásarhneigð, athyglis- og einbeitingarvandi og lélegur námsárangur, en allir þessir þættir tilheyra þróunarlíkani Patterson's. Auk þess töldu upplýsingagjafar rannsóknarinnar að börn og unglíngar innan barnaverndarkerfis ættu við vandamál að etja á flestum sviðum hvað varðar félagslega- og námslega færni.

Barnaheill hefur nýlega gefið út rannsókn sem fjallar um börn sem eru vitni að heimilisofbeldi. Í fræðilegum inngangi rannsóknarinnar er fjallað um fyrri rannsóknir á afleiðingum heimilisofbeldis en enn hefur ekki verið fundið munstur einkenna hjá börnum sem upplifa heimilisofbeldi heldur er um margvísleg vandamál að ræða. Svo virðist sem sum börn sleppi tiltölulega heilsteypt frá þessari upplifun meðan önnur kljást við alvarleg og langvarandi sálræn vandkvæði. Aftur á móti sýna niðurstöður taugavísindarannsókna að barn sem verður vitni að ofbeldi innan heimilisins geti þróað með sér áfallastreituröskun vegna þess hversu viðkvæmur heili barna er fyrir streitu. Áfallastreituröskun fylgir oft andleg vanlíðan sem getur leitt til þess að barnið þróar með sér önnur geðræn vandkvæði (Örnólfur Thorlacius, 2011).

Rannsókn Barnaheilla byggist á viðtölum við einstaklinga sem starfa hjá stofnunum sem hafa hagsmuni barna og vernd þeirra í fyrirrúmi. Því byggjast niðurstöðurnar ekki á gagnreyndri meginlegri rannsókn heldur á reynslu viðmælenda í starfi sínu. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að nær allir

viðmælendurnir töldu að börn sem höfðu orðið vitni að ofbeldi milli foreldra væru einnig fórnarlömb heimilisofbeldisins sem leiddi til neikvæða afleiðinga. Við það að búa við heimilisofbeldi er öryggi barnsins ógnað. Auk þess er hættu á að grundvallarþörfum barnsins sé ekki fullnægt. Viðmælendurnir töldu meðal annars að helstu afleiðingar heimilisofbeldisins væru að börnin væru í meiri hættu á að verða fyrir líkamlegum afleiðingum, upplifa kvíða, sektarkennd, streitu og reiði sem geti endurspeglast í andlegri vanlíðan. Auk þess var nefnt að börnin eiga það til að ganga í hlutverk á heimilinu sem hvorki hæfir aldri þeirra né þroska í þeim tilgangi að reyna að minnka spennuna sem einkennir heimilislífið (Örnólfur Thorlacius, 2011).

Samkvæmt Stevenson (2008) getur vanræksla haft gífurleg áhrif á vitsmunalegan, líkamlegan, félagslegan og sálfræðilegan þroska barna. Börn sem eru líkamlega og tilfinningalega vanrækt eru í mikilli hættu meðal annars á að þroskast og dafna hægt miðað við önnur börn, eiga erfitt með tengslamyndun, þróa með sér hegðunarvanda og gengur illa í skóla. Eftir því sem þau verða eldri finna þau skort á umhyggju, von og ástúð sem leiðir til slakrar sjálfsímyndar og einangrunar frá jafningjum og fullorðnum.

2.5.1 Óörugg tengslamyndun

Í mörgum rannsóknum sem snerta misbrest í uppeldi eru skoðuð geðtengsl barnanna við umönnunaraðila sem er í flestum tilfellum móðir barnsins. Kenningin um tengslamyndun (Attachment theory) á rætur sínar að rekja til Bowlby og felur í sér að ungbörn á aldrinum sex til tólf mánaða leitast við að mynda tilfinningatengsl við umönnunaraðila sinn. Í byrjun gefur barnið frá sér ákveðin merki og tákni, til dæmis bros eða grát, sem umönnunaraðilinn bregst oftast við með viðeigandi hætti og með tímanum myndast tilfinningatengsl. Það er, barnið sækist eftir hlýju, huggun og nærveru við aðilann sem veitir því það sem barnið þarfnast. Ef barn upplifir einhvers konar misbrest í uppeldi á unga aldri getur myndun þessa tengsla raskast og afleiðingar orðið margvíslegar (Morton og Browne, 1998).

Hægt er að skipta tengslamyndun barna við mæður sínar niður í þrjá flokka; örugg tengsl, hliðrunartengsl (avoidant) og tvíbendin tengsl (ambivalent). Seinni tveir flokkarnir eru þegar óörugg tengsl hafa myndast milli barns og móður, en það er ein afleiðing misbrests í æsku. Mæður ungbarna sem eru flokkuð með óörugg

tengsl hafa tilhneigingu til að vera fráhrindandi, afskipta- og tilfinningalausar og bregðast við börnum sínum á óviðeigandi hátt. Börn sem hafa þróað með sér hliðrunartengsl eru líkleg til að eiga mæður sem beita höfnun og reiði í samskiptum og koma sér því upp hegðunartækni í samræmi við það. Við aðskilnað sýna þessi börn lítinn kvíða og við endurfundi virðast þau forðast samskipti við móður. Það sem virðist vera einkennandi fyrir mæður ungabarna sem hafa þróað með sér tvíþendin tengsl er tilhneiging til að vera afskiptalaus, halda fjarlægð og sýna ósamræmi í samskiptum við ungabarnið. Þar af leiðandi sýnir barnið gífurlega erfiðleika við aðskilnað við móður en við endurfundi hegðar það sér á tvíþendin hátt, virðist óöruggt og lætur ekki huggast við nærveru móðurinnar (Morton og Browne, 1998).

Morton og Browne (1998) fóru yfir þrettán rannsóknir sem fjölluðu um tengslamyndun ungbarna sem höfðu orðið fyrir misbresti í uppeldi. Í öllum rannsóknunum nema tveimur var niðurstaða kannananna sú að mun hærra hlutfall ungbarnanna sem höfðu upplifað misbrest í uppeldi sýndu óörugg geðtengsl miðað við samanburðarhóp. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að gæði tengslanna byggjast fyrst og fremst á umhyggju móðurinnar í garð barnsins. Ef óörugg tengslamyndun hafði átt sér stað milli móður og barns var líklegt að barnið tileinkaði sér þá þætti sem einkenndu þau tengsl og mynduðu einskonar fyrirmynd af hegðunarmynstrum sem ætti eftir að einkenna samskiptahætti einstaklingsins í framtíðinni. Vegna þessa er líklegt að einstaklingar sem hafa upplifað misbrest í aðbúnaði á upphafsárum sínum eigi erfitt með að mynda tengsl við jafnaldra sína, félag og jafnframt sín eigin börn. Þetta getur orsakað það að misbrestur í uppeldi flyst á milli kynslóða en þó er margt sem getur komið í veg fyrir að það gerist. Til dæmis ef einstaklingurinn hefur myndað nán tengsl við annan fullorðinn aðila í æsku sem veitti honum ást og stuðning eða að hann hefur náð að vinna úr vandamálum sínum á einhvern annan hátt.

Fleiri rannsóknir á óöruggum tengslamyndunum barna leiða meðal annars í ljós að börn með óörugg tengsl við umönnunaraðila eiga erfiðara með að tjá væntumþykju og ást sína gagnvart öðrum og gera það ekki á eins sýnilegan hátt. Auk þess tengjast óörugg geðtengsl lélegri félagsfærni og skorti á hæfileikum til að

leita lausna á vandamálum, en þessi áhrif geta verið varanleg (Lamb, Gaensbauer, Malkin og Schultz, 1985).

Margt bendir til þess að ófullnægjandi umönnun tengist þróun slakrar sjálfsímyndar svo sem lélegu sjálfsáliti og vanmati á eigin hæfileikum. Rannsóknir hafa meðal annars sýnt fram á að börn sem hafa orðið fyrir misbresti í uppeldi bera neikvæðari kennsl á sjálf sig og tala minna um líðan sína en önnur börn. Einnig hefur komið fram að leikskólabörn sem hafa orðið fyrir misbresti í aðbúnaði sýna truflun í úrvinnslu minninga og skynjunar sem leiðir til þess að þau eiga erfitt með að byggja upp sjálfsmynd sína. Auk þess virðast vera sterk tengsl milli lágrar sjálfsímyndar og aðlögunarhæfni sem og þunglyndis, kvíða og hegðunarörðugleika (Kim og Cicchetti, 2004).

Kim og Cicchetti (2004) skoðuðu hvernig misbrestur og tengsl milli móður og barns tengjast aðlögunarhæfni barnsins þegar sérstaklega er tekið tillit til sjálfsímyndar og félagsfærni þess. Niðurstöður þeirra leiddu í ljós að þau börn sem höfðu upplifað misbrest í aðbúnaði voru með lakari félagsfærni og sýndu fram á hlutfallslega hærri tíðni í innhverfum og útkvæðum vandkvæðum en þau sem ólust upp við viðeigandi aðstæður. Án tillits til misbrests í aðbúnaði þá virtust þau börn sem höfðu myndað örugg tengsl við móður sína með betri sjálfsímynd en þau sem upplifðu óörugg tengsl, en með lakari sjálfsímynd var aukin hætta á hegðunarvandkvæðum. Ef barn myndar óörugg tengsl við móður sína þá eru meiri líkur á að það móti neikvæða sjálfsímynd og þrói með sér hugræna erfiðleika og hegðunarerfiðleika. Þau börn sem höfðu orðið fyrir ofbeldi og/eða vanrækslu sýndu slakari aðlögunarhæfni í félagslegum aðstæðum í samskiptum við jafnaldra sína sem getur enn fremur leitt til frekari hegðunarvandkvæða. Heildarniðurstaða rannsóknarinnar gefur því til kynna að ill meðferð á börnum og slök tilfinningatengsl milli móður og barns geti haft varanleg áhrif á aðlögunarhæfni, sjálfsmynd og félagsfærni barnsins. Að hafa hlotið tilfinningalegt öryggi frá móður eykur líkurnar á því að barn þrói með sér aukna sjálfsvirðingu og í framhaldi af því tileinki það sér hegðun í samræmi við gildi og viðmið samfélagsins sem leiðir til þess að minni hætta er á að barnið þrói með sér sálræn vandamál.

3. Úrræði á vegum barnaverndaryfirvalda

3.1 Barnaverndarlögin

Barnaverndarlögin sem eru nú í gildi eru frá árinu 2002 og er grundvallaratriði þeirra að vernda rétt barnsins af hálfu hins opinbera þegar uppeldishlutverkinu er ekki sinnt á viðunandi hátt. Barn er skilgreint í þessum lögum sem allir einstaklingar undir 18 ára aldri en þó geta ráðstafanir sem byggðar eru á grundvelli laganna verið framlengdar til tvítugs. Samkvæmt 2. grein laganna er markmið löggjafarinnar að tryggja þeim börnum sem þurfa nauðsynlega aðstoð, meðal annars með að veita foreldrum stuðning í uppeldishlutverki sínu eða beita annarskonar úrræðum sem hafa vernd barnsins að leiðarljósi (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Megininntak barnaverndarstarfs byggir á Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Hagur barnsins skal ávallt hafður í fyrirrúmi í öllum ákvarðanatökum, taka skal tillit til viðhorfa og óska barnsins í samræmi við aldur þess og þroska, leita skal eftir góðri samvinnu við foreldra, börn og aðrar stofnanir varðandi málefni barna og vægum úrræðum skal vera beitt áður en gripið er til sértækra úrræða (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Í 16. grein laganna er kveðið á um tilkynningarskyldu almennings en með því er átt við að almenningi ber skylda að tilkynna til barnaverndarnefndar ef grunur leikur á um að barn búi við óviðunandi uppeldisskilyrði, sæti illri meðferð eða sýni merki um áhættuhegðun. Samkvæmt 17. og 18. grein laganna ber þeim sem starfa náið með börnum og lögreglu skylda að tilkynna til barnaverndaryfirvalda ef talið er að barn búi við óviðunandi aðstæður (Barnaverndarlög nr.80/2002). Það er því ekki einungis á ábyrgð barnaverndaryfirvalda að fylgjast með aðbúnaði barna heldur gegnir samfélagið einnig mikilvægu hlutverki í að standa vörð um hagsmuni og velferð þeirra.

3.2 Barnaverndaryfirvöld

Barnaverndaryfirvöld héraendis samanstanda af Velferðarráðuneytinu, Barnaverndarstofu, kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndum (Barnaverndarlög nr.80/2002), en sjá má skýringarmynd af uppbyggingu barnaverndaryfirvalda hér að neðan sem Anni G. Haugen gerði og er hún birt með leyfi hennar.

Velferðarráðuneytið hefur meðal annars yfirumsjón með barnaverndarmálum, sér um stefnumótun barnaverndaryfirvalda og hefur eftirlit með starfssemi Barnaverndarstofu (Barnaverndarlög nr.80/2002).


Barnaverndarstofa er sjálfstæð undirstofnun Velferðarráðuneytisins og fer með daglega stjórn barnaverndarmála í umboði ráðuneytisins. Hlutverkum stofnunarinnar er iðulega skipt í tvennt, annars vegar stjórnsýsluhlutverk og hins vegar að sjá um úrræði fyrir börn og unglinga. Stjórnsýsluhlutverkið felur meðal annars í sér að samhæfa og efla barnaverndarnefndir á landinu svo að sambærileg þjónusta sé fyrir alla óháð búsetu. Að veita ráðgjöf og fræðslu, til dæmis til barnaverndarnefnda, með heimsókn hópa eða að halda uppi heimasíðu, hafa eftirlit með barnaverndarnefndum, kvikmyndahúsum, sjónvarpi og tölvuleikjum, stuðla að rannsóknum og þróun málaflokksins og annast leyfisveitingar fósturforeldra eru einnig mikilvæg stjórnsýsluhlutverk stofnunarinnar. Úrræði á vegum Barnaverndarstofu eru fyrst og fremst fjölkerfameðferð (MST), Barnahús, Stuðlar og langtímameðferðarheimili, en farið verður nánar í þau hér að neðan. Auk þessara úrræða sér stofnunin um ýmis sérverkefni svo sem að veita sálfræðiþjónustu fyrir börn með óviðeigandi kynhegðun og hópmeðferð fyrir börn vegna heimilisofbeldis (Barnaverndarstofa, e.d.-a).

Kærunefnd barnaverndarmála sér um að úrskurða um einstök mál svo sem úrskurði barnaverndarnefnda og einstaka ákvarðanir barnaverndarnefnda og Barnaverndarstofu sem hefur verið áfrýjað til nefndarinnar. Úrskurðir kærunefndarinnar eru endanlegir, það er ekki er hægt að vísa þeim til æðri stjórnvalds (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Barnaverndarnefndir eru starfandi á vegum sveitarfélaganna en þær stofnanir og nefndir sem voru nefndar hér að ofan, Velferðarráðuneytið, Barnaverndarstofa og kærunefnd barnaverndarmála, tilheyra starfsemi ríkisins.

Barnaverndarnefndir hér á landi eru 31 talsins og er fjöldi íbúa á bakvið hverja barnavernd ekki færri en 1.500 manns. Hlutverk barnaverndarnefnda er fyrst og fremst að hafa eftirlit með aðbúnaði, atferli og kringumstæðum barna með því að kanna og meta hvort barn býr við óviðunandi uppeldisskilyrði. Auk þess hafa barnaverndarnefndir viðeigandi úrræði til taks, sem getið er í barnaverndarlögum, til að gæta hagsmuna og velferðar barna. Barnaverndarnefndir sinna jafnframt ýmsum öðrum verkefnum sem barnaverndarlögin og önnur lög kveða á um en jafnframt geta sveitarstjórnir falið nefndunum frekari verkefni sem snúa að börnum og unglingum í umdæmum nefnda (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Mynd 2. Barnaverndaryfirvöld



3.3 Úrræði

Eftir að tilkynning hefur borist til barnaverndarnefndar hefur hún sjö daga til að ákveða hvort hefja eigi könnun á málinu eða ekki. Ef könnun er hafin telst málið barnaverndarmál og unnið er að því að afla ítarlegra upplýsinga um barnið og aðstöðu þess. Að könnunni lokinni er áætlun gerð ef talið er að þörf sé á frekari íhlutun. Í áætlun er niðurstöðum könnunarinnar lýst, hvaða úrbóta er þörf og tillögur settar fram um viðeigandi úrræði (Barnaverndarlög nr.80/2002).

Úrræði barnaverndaryfirvalda eru oftast flokkuð annars vegar sem úrræði inn á heimili eða utan þess og hins vegar með samþykki foreldra eða án samþykkis þeirra (Barnaverndarlög nr.80/2002). Í ársskýrslu Barnaverndarstofu (2010) kemur fram að það stuðningsúrræði sem var algengast árið 2008 var að leiðbeina barni og foreldrum, eða í 1.188 tilfella af 2.485 tilfellum, en því næst var að veita fjölskyldu tilsjónarmann, persónulegan ráðgjafa eða stuðningsfjölskyldu, eða í 483 málum. Úrræði sem voru veitt utan heimilis er skipt í tvennt, annars vegar þau úrræði sem eru á ábyrgð sveitarfélaganna og hins vegar þau sem eru á ábyrgð ríkisins. Algengast var að sveitarfélögin ráðstöfuðu börnum á fósturheimili en neyðarvistun á Stuðlum var algengust á vegum ríkisins eins og sjá má á töflu tvö.

Tafla 2. Fjöldi ráðstafana utan heimilis 2008

<u>Úrræði á ábyrgð sveitarfélaga</u>	
Vistheimili	38
Sambýli	27
Einkaheimili	69
Fósturheimili	104
Önnur úrræði skv 84.gr.	9
Samtals	247
<u>Úrræði á ábyrgð ríkisins</u>	
Stuðlar, lokuð deild	84
Stuðlar, greiningar- og meðferðardeild	50
Götusmiðjan	36
Langtímameðferðarheimili	24
Samtals	194

Barnaverndarstofa, 2010, bls. 53

Þó ber að hafa í huga að fleiri en eitt úrræði geta verið veitt í máli einstakra barna. Hér á eftir verður gerð grein fyrir þeim úrræðum sem boðið er uppá af barnaverndaryfirvöldum hérlandis, ýmist á vegum ríkisins eða á vegum sveitarfélaganna.

3.3.1 Tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi og stuðningsfjölskylda

Samkvæmt 24. grein barnaverndarlaga telst tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi og stuðningsfjölskylda vera úrræði með samþykki foreldra (Barnaverndarlög nr.80/2002). Tilsjónarmaður er einstaklingur á vegum barnaverndarnefndar sem kemur inn á heimili fjölskyldu í þeim tilgangi að styðja foreldrana í forsjár- og uppeldishlutverkinu svo uppeldisskilyrði barnsins betrumbætist. Æskilegt er að tilsjónarmaður hafi reynslu af því að vinna með börnum og búi yfir hæfni til að leiðbeina og miðla þekkingu áfram í samskiptum sínum við foreldrana. Áður en tilsjónarmaður hefur störf sín þarf að ákvarða hlutverk hans innan hverrar fjölskyldu fyrir sig og ganga þarf úr skugga um það að hann og allir fjölskyldumeðlimir séu meðvitaðir um það hlutverk (Barnaverndarstofa, e.d.-b).

Persónulegur ráðgjafi leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust og vinsemd við barnið. Hlutverk hans felst í því að leiðbeina og veita barninu ráðgjöf til að það styrkist félagslega og tilfinningalega til dæmis í tengslum við menntun, tómstundir, vinnu og samskipti við jafningja. Barnið þarf að vera virkur þátttakandi í áætlunargerð með persónulegum ráðgjafa svo hugmyndir barnsins um breytingar til hins betra njóti sín (Barnaverndarstofa, e.d.-b).

Með stuðningsfjölskyldu er átt við þegar aðilar á vegum barnaverndarnefnda taka á móti barni, eða í sumum tilfellum barni og foreldrum, á einkaheimili í vissan tíma meðal annars til þess að létta álagi af barninu og fjölskyldu þess, tryggja því öryggi og auka stuðning til foreldranna í uppeldishlutverkinu (Barnaverndarstofa, e.d.-b).

3.3.2 Foreldrafræðsla

Eitt af stuðningsúrræðum sem kveðið er á um í barnaverndarlögum er að leiðbeina foreldrum um aðbúnað og uppeldi barna. PMT er ráðgjöf fyrir foreldra með það að markmiði að þeir bæti sig í uppeldishlutverki sínu en aðferðin er sérstaklega gagnleg þegar um er að ræða börn með hegðunarerfiðleika. Nokkur sveitarfélög bjóða upp á slík námskeið en aðferðin byggist á þróunarlíkani Patterson's um andfélagslega hegðun. Aðferðin einblínir á að foreldrar eru mikilvægustu leiðbeinendur barna sinna og því er rík áhersla lögð á að leiðbeina þeim. Aðstoðað er við að rjúfa þann vítahring sem myndast hefur í samskiptum foreldra og barnsins með því að veita ráðgjöf um nýjar leiðir í uppeldinu sem foreldri tileinkar sér svo í

ferlinu. Ákveðnir grunnþættir eða „verkfæri“ eru höfð að leiðarljósi til að ýta undir jákvæða hegðun barnsins og draga úr hegðunarfrávikum. Þessi verkfæri snúa að því að beita fyrirmælum og undirstrika jákvæð samskipti við barnið, nota hvatningu til að byggja upp æskilega hegðun, setja mörk í þeim tilgangi að draga úr og koma í veg fyrir óviðeigandi hegðun, leita lausna að vandanum og stuðla að bættum samskiptum innan fjölskyldunnar. Einnig að fylgjast með atferli barnsins innan sem og utan heimilisins, vera í góðu samstarfi við skóla barnsins og hafa stjórn á neikvæðum tilfinningum (Hafnarfjörður, e.d.).

Auk PMT eru námskeið SOS – Hjálp fyrir foreldra algeng foreldrafræðslunámskeið héraðs. SOS námskeiðin eru ætluð foreldrum sem eiga börn á aldrinum tveggja til tólf ára en einnig þeim sem vinna með börnum á þessum aldri. Gengið er út frá því að öll hegðun sé lærd og hægt sé að breyta óæskilegri hegðun með einföldum aðgerðum. Foreldrum námskeiðsins er kennd hegðunarstjórnun sem byggist á þremur uppeldisreglum. Regla eitt er að umbuna eigi barninu fyrir æskilega hegðun eins oft og fljótt og unnt er, regla tvö er að vera meðvitaður um að umbuna ekki fyrir óæskilega hegðun og regla þrjú er að refsast eigi á viðeigandi hátt fyrir óæskilega hegðun. Auk þessara reglna er gerð grein fyrir fjórum algengum mistökum sem foreldrar eiga að varast (Clark, 2007).

Þegar umbun fylgir ákveðinni hegðun, bæði æskilegri og óæskilegri, er líklegra að barnið eigi eftir að endurtaka atferlið. Því geta foreldrar sem veita umbun, til dæmis með hrósi, fyrir æskilega hegðun styrkt hegðun barnsins og þar með dregið úr óæskilegri hegðun þess (Clark, 2007).

Á SOS – námskeiðinu eru einnig kenndar fleiri uppeldisaðferðir. Sem dæmi má nefna virka hunsun, það felur í sér að veita barninu enga athygli þegar það sýnir óæskilega hegðun en síðan veita því fulla athygli þegar hegðuninni er lokið, að gefa áhrifarík fyrirmæli og einnig á sér stað notkun hvatningarkerfa (Clark, 2007).

3.3.3 Fósturvistanir

Þegar barnaverndarnefnd felur umsjá eða forsjá í hendur fósturforeldra í að minnsta kosti þrjú mánuði er um fóstur að ræða, en eins og áður hefur komið fram eru fósturvistanir fremur algeng stuðningsúrræði. Barnaverndarstofa fer með yfirumsjón fósturmála en enginn má gerast fósturforeldri nema með samþykki

barnaverndarnefndar í hverju umdæmi fyrir sig. Þrennskona ástæður geta legið að baki fósturs en það er ef barn er forsjárlaust, foreldrar hafa verið sviptir forsjá þess eða foreldrar afsala sér forsjá barnsins og samþykkja að barnið fari í fóstur (Barnaverndarlög nr. 80/2002).

Fósturráðstafanir skiptast í þrennt; tímabundið fóstur, varanlegt fóstur og styrkt fóstur. Tímabundið fóstur er þegar áætlað er að barnið geti farið aftur heim þar sem gert er ráð fyrir að ástand fyrrum heimilis geti orðið betra og uppeldisskilyrði orðið æskileg. Varanlegt fóstur á við þegar aðstæður heimilis eru mjög alvarlegar og ekki er talið að ástand batni nema með tilurð varanlegs fósturs, það er þangað til forsjárskyldur falla niður. Í varanlegu fóstri er markmiðið að barnið aðlagist og verði hluti af fósturfjölskyldunni líkt og barnið væri eigið barn fósturforeldranna. Styrkt fóstur er þegar barn þarfnast sérstakrar umönnunar og þjálfunar vegna verulegra hegðunarvandkvæða á fósturheimili í ákveðinn tíma. Fósturforeldrunum er ætlað að koma til móts við sérþarfir barnsins í tiltekin tíma svo það geti náð stjórn á vandamálum sínum og lagt grundvöll að bættu lífverni að fósturinu loknu (Barnaverndarstofa, e.d.-c).

3.3.4 Heimili og stofnanir á vegum ríkisins

Samkvæmt 79. grein barnaverndarlaga nr.80/2002 skal hið opinbera bera ábyrgð á því að heimili og stofnanir séu tiltæk til þess að: taka á móti börnum í neyð ef öryggi þeirra er ógnað vegna alvarlegra hegðunarvandkvæða eða áhættuhegðunar. Einnig að veita börnum greiningu vegna þess að talið er að þau þarfnist sérhæfðs úrræðis eða meðferðar, eða sjá fyrir sérhæfðum meðferðum á grundvelli alvarlegrar áfengis- og vímuefnaneyslu, afbrota og hegðunarerfiðleika. Í þessu tilviki eru starfræktar fjórar stofnanir á vegum Barnaverndarstofu; meðferðarstöð ríkisins og þrjú langtímameðferðarheimili.

Stuðlar – Meðferðarstöð ríkisins

Meðferðarstöð ríkisins, Stuðlar, er með tvennskona starfsemi, annars vegar er það neyðarvistun og hins vegar meðferðardeild. Alls eru þrettán rými til taks, fimm í neyðarvistun og átta á greiningardeild (Barnaverndarstofa, e.d.-d).

Neyðarvistun fer fram á lokaðri deild og er hámark vistunarinnar fjórtán dagar. Barnaverndarnefnd eða lögreglan í samstarfi við barnaverndarnefnd eru

einu aðilarnir sem taka ákvörðun um slíka vistun. Markmið vistunarinnar er að stöðva skaðlega hegðun barnsins svo að starfsmenn barnaverndarnefndar hafi tækifæri á því að vinna að lausn mála og finna viðeigandi stuðningsúrræði, en unglingurinn á oftast en ekki við mjög alvarleg hegðun vandamál að stríða. Starfsmenn deildarinnar leitast við að auka jafnvægi unglingsins sem og að veita vistunaraðilum og foreldrum einstaklinganna aðstoð við að meta stöðu unglingsins en engin meðferð eða greining á sér stað á neyðarvistuninni (Barnaverndarstofa, e.d.-d).

Á meðferðardeildinni fer fram greining samhliða meðferð þar sem þörfum hvers og eins er mætt. Undirstaða meðferðarinnar byggist á reglubundinni dagskrá og atferlismótandi stiga- og þrepakerfi en meðferðin tekur um átta vikur. Unnið er að meðferð og greiningu út frá fjölskyldu- og einstaklingsviðtölum, sálfræðiathugunum og upplýsingum frá ýmsum stofnunum og meðferðaraðilum. Horft er á barnið frá ýmsum hliðum svo sem samskiptum, gildismati, sjálfsmynd og andlegri líðan og auk þess eru bjargráð fjölskyldunnar skoðuð. Meðferðin byggist meðal annars á svokallaðri ART- þjálfun en þar er unnið að því að efla félagsfærni, auka sjálfstjórn og gera einstaklinga meðvitaða um að nýta sína eigin styrkleika. Virk samskipti eru milli barnanna og foreldranna í meðferðinni svo hægt sé að yfirfæra árangurinn á heimilið. Brúarskóli er starfandi skóli á stofnuninni og ganga unglingarnir í hann á meðan þeir dvelja í meðferð. Mikilvægt er að einstaklingur aðlagist fyrra umhverfi sínu áður en hann útskrifast af stofnuninni svo hann falli ekki aftur í sama farið. Hafi meðferðin ekki borið nægilegan árangur meta foreldrar og vistunaraðilar í sameiningu hvort einstaklingur hefur þörf á vistun á langtímameðferðarheimili eða í fóstri (Stuðlar, e.d.)

Meðferðardeildin sér jafnframt um eftirmeðferð að lokinni útskrift í allt að sex mánuði. Það felur meðal annars í sér að foreldrarnir og unglingarnir geta farið í viðtöl hjá sálfræðingi auk þess að þeir fái stuðning og leiðbeiningar í þeim tilgangi að viðhalda meðferðarárangrinum (Stuðlar, e.d.).

Langtímameðferðarheimili

Meðferðarheimili sem veita börnum á aldrinum 13-18 ára langtímameðferð eru þrjú talsins, Háholt í Skagafirði, Laugaland í Eyjafjarðarsveit og Lækjarbakki á Rangárvöllum. Háholt er ætlað börnum á aldrinum 15-18 ára sem hafa ýmist verið í neyslu, framið afbrot eða átt við félags- og námslega erfiðleika að stríða. Þau eiga það þó eitt sameiginlegt, að sýna fram á alvarleg hegðunarvandkvæði og glíma við hvað mestan vandann. Á Háholti eru pláss fyrir fimm einstaklinga í senn og dvelur hver einstaklingur þar að jafnaði í eitt ár, en lengd dvalarinnar er metin af vanda hvers og eins. Meðferðin byggist á ART-þjálfun og er grundvallarmarkmið hennar að styrkja félagsfærni og aðra jákvæða hæfni einstaklingsins, stuðla að bættum tengslum milli unglingsins og fjölskyldu hans, minnka andfélagslega hegðun og undirbúa einstaklinginn fyrir nám og vinnu. Hver og einn unglingur hefur ákveðinn tengil sem hefur yfirumsjón með málefnum hans meðan á vistuninni stendur. Á hverjum degi eru haldnir hópfundir þar sem farið er yfir markmið unglingsanna, persónubundin og sameiginleg, og hvernig gengið hefur daginn áður. Einstaklingarnir hafa jafnframt tækifæri á að fá einstaklingsviðtal við sálfræðing heimilisins og forstöðumann ef þeir óska eftir því. Í meðferðinni er einnig lögð mikil áhersla á nám, sem sniðið er að þörfum hvers og eins, og fjölbreytilegar tólmstundir til að ýta undir heilbriggt lífni. Svokallaðir samráðsfundir eru haldnir með unglingsnum og þeim sem koma að málum hans, foreldrum og starfsmönnum heimilisins, þar sem farið er yfir meðferðarárangur einstaklingsins, áætlun gerð fyrir komandi framtíð og fyrirhugaða útskrift (Barnaverndarstofa, e.d.-e).

Í Laugalandi er boðið uppá meðferð fyrir stúlkur á aldrinum 13-18 ára og geta sex til átta stúlkur verið þar hverju sinni. Meðferðin byggist á fjórum þrepum, en það tekur um eitt ár að ná árangri (Barnaverndarstofa, e.d.-f). Til að vinna sig upp um þrep þarf einstaklingurinn að klára ýmis verkefni og sýna fram á ákveðna hegðun þar sem tekið er tillit til vanda, aldurs, þroska og stöðu hvers og eins. Byrjunarstigið felst í því að aðlaga sig að heimilinu og þarf stúlkan sjálf að óska eftir því að komast á næsta þrep. Næsta þrep kallast þátttökuþrep og felur í sér að einstaklingurinn fær að taka þátt í allri dagskrá heimilisins. Á því stigi er mikilvægt að mynda tengsl við starfsmenn heimilisins, taka leiðbeiningum vel og nýta sér meðferðina sem er í boði. Þriðja stig kallast ábyrgðarþrepið en þá er

einstaklingurinn orðinn ábyrgur, traustur, sýnir frumkvæði, gefur nýliðum ráð og er heiðarlegur og tillitssamur í samskiptum. Seinasta þrepið, eða ofurþrepið, felur í sér að einstaklingurinn er fyrirmynd þeirra sem eru styttra komnir í meðferðinni og leiðbeinir þeim jafnframt áfram, tekur ábendingum vel og leitast eftir því að hegða sér eins og fullorðinn einstaklingur (Laugaland, 2005). Í meðferðinni stunda allar stúlkurnar nám sem sniðið er að hverri og einni og jafnframt eru tómsundur nauðsynlegar. Í meðferðinni er mikilvægt að sjá til þess að stúlkun yfirfæri meðferðarárangur sinn í annað umhverfi og er því mikil áhersla lögð á gott samstarf við fjölskylduna. Á heimilinu er starfandi fjölskylduráðgjafi og er hans hlutverk meðal annars að vera í samvinnu við unglinginn, fjölskyldu, skóla og aðrar stofnanir. Auk þess hefur hann yfirumsjón með meðferðaráætlunum, fylgist með gangi mála og metur hvort einstaklingurinn þurfi á stuðningi að halda að lokinni meðferð (Barnaverndarstofa, e.d.-f).

Lækjarbakki er fyrir einstaklinga á aldrinum 14-18 ára og er pláss fyrir hámark sjö einstaklinga. Heimilið er ætlað einstaklingum sem eiga við alvarlegan hegðunarvanda að stríða, sem felst meðal annars í ofbeldishneigð, neyslu vímuefna, afbrotahæðun, námserfiðleikum og tilfinningalegum vanda. Dvöl einstaklings er persónubundin, getur verið í allt að sex mánuði en að henni lokinni tekur við eftirmeðferð sem stendur yfir í allt að þrjú mánuði. Einblínt er á að foreldrar taki virkan þátt í meðferðinni svo að aðlögun heima fyrir að lokinni útskrift verði auðveldari og sem árangursríkust. Í meðferðinni er notast við umbunar- og þrepakerfi sem felst í því að virða reglur og samninga og koma vel fram í samskiptum. Meðferðin byggist meðal annars á ART-þjálfun en fjallað var um markmið hennar hér að ofan. Auk þess er stuðst við hugræna atferlismeðferð, aðferðir sem tilheyra atferlismótun og leiðbeinandi fjölskyldumeðferð. Eins og á hinum meðferðarheimilunum er rík áhersla lögð á einstaklingsbundið nám og tómsundur við vistun á heimilinu (Barnaverndarstofa, e.d.-g).

3.3.5 Fjölkerfameðferð (MST- Multisystemic Treatment)

MST er meðferðakerfi sem upprunnið er frá Bandaríkjunum og er eitt þeirra úrræða sem hefur sýnt fram á mjög góðan árangur í samanburðarrannsóknum. Kerfið er þó tiltölulega nýtt hér á landi en fyrsta meðferðarteymið hóf störf í nóvember árið 2008. Nú starfa tvö meðferðarteymi í fjölkerfameðferð hérlendis,

en hið síðara hóf störf í mars 2010. Þrír til fjórir þerapistar, ásamt handleiðara sem einnig er teymisstjóri, myndar eitt meðferðarteymi (Barnaverndarstofa, e.d.-h).

MST er ætlað börnum á aldrinum 12-18 ára sem eiga við alvarlegan og fjölbættan hegðunarvanda að stríða. Önnur úrræði eru ekki nógu fullnægjandi fyrir þau eða þau hafa ekki borið nægan árangur. Auk þess er vandinn orðinn það stór að vistun utan heimilis kemur til greina (Barnaverndarstofa, e.d.-h).

Einstaklingurinn þarf að uppfylla viss skilyrði til þess að geta gengist undir meðferðina og geta einungis barnaverndarnefndir sótt um MST. Sérstakt inntökuteymi metur umsóknina og ef hún telst vera fullnægjandi fer MST-teymisstjóri og starfsmaður á vegum barnaverndarnefndar á heimili viðkomandi. Þar er kynntur samningur um meðferðina og fyrst og fremst metið á forsendum fjölskyldunnar hvort hefja skuli meðferð. Ef ákveðið er að hefja meðferð skrifa foreldrar barnsins undir samning um meðferðina og jafnframt er leitast við að fá barnið til að samþykja hann (Barnaverndarstofa, 2008). Meðferðin fer síðan fram inn á heimili fjölskyldunnar en krafa er gerð um það að barnið búi heima (Barnaverndarstofa, e.d.-h).

Meðferðin snýst meðal annars um það að auka færni, styrkleika og tengslanet foreldranna til að mæta og takast á við krefjandi hegðun unglingsins. Nærumhverfi unglingsins skiptir einnig miklu máli svo inngrip eru einnig í samvinnu við fjölskyldu, vini, skóla og ef til vill tólmstundastarf. Forsjáraðilar og þerapisti hittast eftir samkomulagi en fjölskyldan hefur aðgang að þerapistunum allan sólarhringinn. Mikilvægt er að gott eftirlit sé haft með fjölskyldunni svo árangur meðferðarinnar verði sem bestur (Barnaverndarstofa, e.d.-h).

Heildarmarkmið meðferðarinnar er að unglingurinn búi hjá forsjáraðilum eða við viðunandi heimilisaðstæður, stundi skóla eða vinnu með sómasamlegum hætti, komist ekki í kast við lögin, haldi sig frá neyslu og beiti ekki aðra ofbeldi. Auk þess er getið um almenn markmið meðferðarinnar en þau eru að draga úr alvarleika og tíðni hegðunarvandkvæða unglingsins sem og að styrkja hann í að takast á við ýmis vandamál í samskiptum við foreldra, vini og skóla (Barnaverndarstofa, 2008). Meðferðin tekur um þrjá til fimm mánuði og ef árangri hefur ekki verið náð kemur til vistunar á stofnun (Barnaverndarstofa, e.d.-b).

3.3.6 Barnahús

Barnahús hefur verið starfandi frá 1. nóvember árið 1998 og hafa fjölmörg börn notið þjónustu stofnunarinnar, en starfsemi Barnahúss felst í því að vinna að málum barna sem grunur leikur á um að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða áreitni. Barnaverndarnefndir geta sótt um aðstoð stofnunarinnar og bera þær ábyrgð á vinnslu þessara mála. Stofnunin er staðsett í vingjarnlegu umhverfi og er aðstaða hennar sniðin að þörfum barnanna (Barnaverndarstofa, 2010). Hugmyndafræði sem liggur að baki Barnahúss er tvíþætt, í fyrsta lagi að sjá til þess að barnið verði ekki aftur fyrir áfalli og í öðru lagi að upplýsa mál eins gaumgæfilega og hægt er (Barnaverndarstofa, 2000).

Þjónusta Barnahúss er eftirfarandi; að veita fræðslu og ráðgjöf við upphaf máls, veita leiðbeiningar við könnun máls, taka könnunarviðtal fyrir barnaverndarnefndir eða skýrslutöku fyrir dómi, gera læknisskoðun og veita greiningu og meðferð (Barnaverndarstofa, 2010).

Þegar tilkynning hefur borist til barnaverndarnefndar vegna gruns um kynferðisbrot gagnvart barni getur starfsmaður nefndarinnar fengið ráðleggingar hjá Barnahúsi um hvernig vinna eigi slík mál. Starfsmaður barnaverndarnefndarinnar sækist eftir þjónustu þess ef á við. Ef barnaverndarnefndin óskar ekki eftir lögreglurannsókn gera sérfræðingar á vegum Barnahúss könnunarviðtal, en aftur á móti ef lögregla fer með rannsókn máls fer fram skýrslutaka að beiðni dómara. Viðtölin fara fram í sérútbúnu herbergi þar sem myndavél tekur upp það sem á sér stað og því er sjónvarpað í fundarherbergi þar sem aðilar sem koma að málinu eru viðstaddir. Við skýrslutöku fylgist dómari með gangi mála með fjarfundabúnaði og getur þannig varpað fram spurningum við sérfræðinginn sem tekur viðtalið og stjórnað framvindu viðtalsins. Viðtalið byggist á ákveðinni aðferð sem sérfræðingar Barnahúss hafa tileinkað sér en markmið viðtalsins er ávallt að afla eins ítarlegra upplýsinga frá barninu og hægt er þar sem viðtalið er oftast en ekki mikilvægt gagn í vinnslu mála (Barnaverndarstofa, 2010).

Ef til kemur að lögregla, barnaverndarnefnd, forsjáraðilar barns eða barnið sjálf óska eftir læknisskoðun er hún framkvæmd. Aðbúnaður til læknisskoðunar er góð á stofnuninni og fer hún yfirleitt fram nokkrum dögum eftir rannsóknarviðtal. Auk þess ef barnaverndarnefnd óskar eftir því að barnið fái greiningu og meðferð á

vegum Barnahúss og viðtalið rennir stoðum undir þá ósk, er forsjáraðilum gerð grein fyrir þeim hluta þjónustunnar. Yfirleitt eru veitt tíu meðferðarviðtöl, auk greiningarviðtala, en venjulega er lögð áhersla á greiningu í fyrstu fjórum viðtölunum. Jafnframt er stutt við foreldra barnsins og þeim veitt viðeigandi ráðgjöf (Barnaverndarstofa, 2010).

Markmið stofnunarinnar eru meðal annars að samhæfa og stuðla að samvinnu ýmissa stofnana sem koma að kynferðisbrotamálum barna, veita þjónustu á einum stað til barna sem hafa sætt kynferðislegu ofbeldi svo það þurfi ekki að endursegja áfallið, tryggja faglega framkvæmd rannsóknarviðtala við börn og verklagsreglur við mál þeirra, stuðla að öflun þekkingar um kynferðisofbeldi gagnvart börnum og miðla því til fagfólks og jafnframt samfélagsins, sjá til þess að börnin fá viðeigandi greiningu og meðferð og tryggja börnunum jákvætt og hlýlegt umhverfi sem kemur til móts við þarfir þeirra (Barnaverndarstofa, e.d.-i).

3.4 Árangurstengdar rannsóknir á úrræðum

Gerðar hafa verið aragrúi af árangurstengdum rannsóknum á erlendri grundu en hins vegar hefur verið skortur á þeirri framkvæmd hér á landi. Þar sem rannsóknir á árangri úrræða hérlendis hafa verið örfáar er erfitt að vita hvernig og hvort úrræðin skilar nægilegum árangri til einstaklinganna og fjölskyldna þeirra. Auk þess má gagnrýna sumar aðferðir rannsókna svo ekki sé hægt að draga almennar ályktanir út frá þeim. Í þessum kafla verður gert grein fyrir þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á árangri úrræða hérlendis, auk erlendra rannsókna á PMT og MST.

Eins og áður hefur verið nefnt er PMT aðferð fyrir foreldra sem hefur það að markmiði að bæta uppeldisaðferðir þeirra, þá sérstaklega ef börn þeirra eiga við hegðunarerfiðleika að stríða. Hafnarfjarðarbær hefur verið frumkvöðull PMT-ráðgjafarinnar hérlendis og komið meðal annars á fót PMT-foreldranámskeiðum. Í skýrslu sem Margrét Sigmarsdóttir (2010) tók saman um stöðu PMT í Hafnarfirði höfðu 217 foreldrar setið PMT-foreldranámskeið á vegum fræðsluviðs Hafnarfjarðar. Við lok námskeiðanna var lagður spurningalisti fyrir foreldrana og voru langflestir sem töldu námskeiðið hafa komið frekar eða mjög mikið að gagni,

eða í 90% tilvika. Tæplega 80% þátttakenda töldu sig nota aðferðirnar mikið eða mjög oft og nánast allir myndu mæla með námskeiðinu fyrir aðra.

Fjölmargar rannsóknir á árangri PMT hafa verið gerðar í Bandaríkjunum og uppfylla þau ströngustu skilyrði hegðunarmælinga. Niðurstöður þeirra sýna fram á að í 70% tilvika minnka hegðunarvandkvæði barns gífurlega inná heimili þess vegna PMT og jafnframt ýtir aðferðin undir jákvæð samskipti fjölskyldumeðlima og stuðlar að betri frammistöðu barnsins í námi (Hafnarfjörður, e.d.).

Curtis, Ronan og Borduin (2004) gerðu greiningu á niðurstöðum ellefu rannsókna á árangri MST. Markmið þeirra með rannsókninni var að sýna fram á árangur MST í meðferð með börnum sem sýna andfélagslega hegðun. Niðurstöður þeirra leiddu meðal annars í ljós að unglingar og fjölskyldur sem hlutu fjölkerfameðferð bar meiri árangur en samanburðarhópurinn. Auk þess brutu unglingarnir síður af sér, eða í minna en 70% tilfella miðað við þá sem fengu annars konar meðferð. Til nánari útskýringar var MST árangursríkara þegar tilgangur meðferðarinnar var að draga úr tilfinninga- og hegðunarerfiðleikum, bæta samskipti og tengsl milli unglingsins og fjölskyldunnar, minnka ofbeldishneigð og tengsl við félagahóp með svipuð hegðunarvandkvæði og koma í veg fyrir frekari afbrot. Auk þess má nefna að gögn úr eftirfylgdarrannsóknum benda til þess að meðferðarárangri er haldið við í að minnsta kosti allt að fjögur ár eftir meðferð.

Greining Curtis og féлага (2004) benti jafnframt til þess að meðferðin væri árangursmeiri varðandi tengsl við fjölskyldu heldur en hjá einstaklingnum sjálfum og samskipti hans við féлага. En bætt fjölskyldutengsl geta dregið úr einstaklingsvanda svo sem áhættuhegðun og tengslum hans við aðra vandræðaunglinga. Niðurstöður bentu einnig til þess að MST gæti jafnframt verið árangursrík meðferð fyrir einstaklinga í vímuefnaneyslu eða fyrir þá sem þjást af alvarlegum tilfinningalegum erfiðleikum en fjölkerfameðferðin er oftast notuð í tilvikum sem eru tengd ofbeldisfullri og lögbrjótandi hegðun.

Barnaverndarstofa vinnur nú, þegar þetta er ritað, að eftirfylgdar- eða svokallaðri afdrifakönnun á árangri MST hérlendis. Haft er samband við foreldra barna sem hafa lokið MST sex, átta og tólf mánuðum eftir að meðferð líkur og spurt um stöðu barnsins. Þar sem úrræðið er fremur nýtt hér á landi og úrtak tiltölulega lítið þarf þó að varast allar ályktanir. Tölurnar sem hér verða kynntar eru

nýjustu tölur varðandi eftirfylgnina í MST frá upphafi meðferðarinnar á Íslandi 1. nóvember 2008, til 1. febrúar 2011 (Barnaverndarstofa, 2011).

Alls eru 89 einstaklingar sem byrjað hafa í MST frá upphafi og þar af hafa 70 einstaklingar klárað MST. Af þessum 89 einstaklingum eru 30 stelpur og 59 strákar. Meðalaldurinn er sá sami hjá stelpum og strákum, 15 ár. Fyrir meðferð var staða 70 barna metin á þann hátt að allir einstaklingarnir bjuggu heima hjá sér eða í viðeigandi aðstæðum, 7,2% stunduðu nám eða vinnu, 36,2% komust ekki í kast við lögin, 55,1% neyttu ekki vímuefna eða misnotuðu ekki áfengi og 21,7% beittu ekki né hótuðu ofbeldi. Þegar skoðaðar eru tölur sem metnar eru af MST þerapistum og foreldrum, auk upplýsinga frá skóla og öðrum stofnunum, við lok meðferðarinnar má sjá vissan árangur. Við lok meðferðar bjuggu allir enn heima fyrir eða við viðeigandi aðstæður, 81,2% voru í námi eða vinnu, 82,6% komust ekki í kast við lögin, 91,3% neyttu ekki vímuefna eða misnotuðu ekki áfengi og 89,9% beittu ekki né hótuðu ofbeldi (Barnaverndarstofa, 2011).

Að tólf mánuðum liðnum frá lokinni meðferð voru svör foreldra 36 barna á þá leið að 82,4% bjuggu heima eða í öðrum viðurkenndum aðstæðum, 76,5% voru í skóla eða vinnu, 79,4 % komust ekki í köst við lögin, 73,5% notaði ekki vímuefni né misnotaði áfengi og 85,3% beitti hvorki ofbeldi né hótunum um ofbeldi (Barnaverndarstofa, 2011).

Í svörum 78 foreldra einstaklinga sem hlutu MST meðferð hafði barnið sýnt marktækar framfarir varðandi nám eða skóla í 73% tilfella, í 79% var barnið í umgengni við æskilega einstaklinga og stundaði viðeigandi tómsundur, auk þess að hegðunarbreytingar til hins betra höfðu haldist stöðugar undanfarnar þrjár til fjórar vikur í 76% tilfella. Hvað varðar nánasta umhverfi einstaklinganna höfðu meðferðaraðilar séð bætta færni hjá foreldrum í að takast á við hegðunarerfiðleika barnsins í 85% tilvikum, betri samskipti og tengsl innan fjölskyldunnar mátti sjá í 80% tilfella og tengslanet fjölskyldunnar sem og aðgangur að formlegum og óformlegum stuðningi hafði styrkst í 91% tilfella (Barnaverndarstofa, 2011). Þessar tölur gefa til kynna að árangur náist í mörgum tilfellum með MST meðferðinni en þó ber aftur að nefna að úrtakið héraendis var lítið og því ber að varast að draga almennar ályktanir.

Jón Björnsson (2008) gerði afdrifakönnun á unglíngum sem dvöldu á meðferðarheimilinu Háholti frá 1999 til loka ársins 2004 þar sem meginviðfangsefnið var að skoða afdrif unglínganna eftir útskrift. Unglíngarnir sem dvöldu á þessum tíma á meðferðarheimilinu voru 51 talsins, 36 drengir og 15 stúlkur. Meðalaldur er vistunin hófst var 16 ár en 16,7 ár að vistuninni lokinni, meðaltími dvalarinnar voru 214 dagar. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að bæði unglíngar og foreldrar töldu að unglíngarnir hefðu haft gagn af dvölinni á meðferðarheimilinu. Samt sem áður var stór hluti unglínganna sem snéri aftur í sama atferli að útskrift lokinni. Það sem unglíngarnir og foreldrarnir töldu meðal annars árangursríkast í meðferðinni var að unglíngurinn var stöðvaður, hann hætti í neyslu og var settur í umhverfi þar sem hann gat verið í friði og þroskast í einrúmi og honum var settur ákveðinn reglu- og agarammi. Einnig hve samband unglínganna við forstöðumann Háholts hafði verið mikilvægt. Auk þess töldu unglíngarnir sig ekki hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum frá öðrum unglíngum á Háholti, aftur á móti töldu margir sig hafa upplifað það á Stuðlum.

Áður en dvöl einstaklings lýkur er gert ráð fyrir því að áætlun sé gerð um hvernig tryggja eigi að meðferðarárangurinn viðhaldist. Í rannsókninni kom í ljós að einungis var gerð áætlun í þremur af hverjum fjórum tilvikum. Af þeim 35 áætlunum sem gerðar voru héldust einungis sex að öllu leyti (Jón Björnsson, 2008).

Að mörgu leyti er erfitt að meta árangur langtímameðferðar þar sem ýmsir þættir geta haft áhrif á breytta hegðun og líferni einstaklingsins. Jón Björnsson skipti viðmælendum niður í þrjá flokka; hina efnilegu, hina óefnilegu og hina óráðnu. Hinir efnilegu virtust vera á réttri leið á að ná tökum á lífi sínu meðan hinir óefnilegu misstu tökin enn meira eftir dvöl sína á Háholti. Hinir óráðnu voru mitt á milli hópanna, áttu eftir að stíga skref í aðra hvora áttina. Í flokki hinna efnilegu voru 14 einstaklingar, en hinir flokkarnir innhéldu hvor um sig 18 einstaklinga (Jón Björnsson, 2008).

Á innan við ári frá útskrift meðferðarinnar höfðu 90% unglínganna að einhverju leyti tekið upp fyrri hegðun og í sumum tilfellum hafði hegðunin versnað, sem sagt harðari neysla og tíðari afbrot. Fjórir af hverjum fimm höfðu einnig verið vistaðir á öðrum meðferðarstofnunum eftir útskrift, sumir á fleiri en einni. Þó töldu 40% unglínganna sér hafa vegnað vel eftir dvölinni á Háholti en einungis 13%

foreldranna voru á þeirri skoðun. Af 51 viðmælendum stunduðu 22 vinnu og/eða nám, í 13 tilvikum af þeim átti einstaklingurinn í einhverskonar erfiðleikum (Jón Björnsson, 2008).

Í grein Bryndísar S. Guðmundsdóttur (2004) veltir hún fyrir sér árangri meðferðar á stofnunum en eins og sést hér að ofan er ekki öruggt að sá árangur sem næst inná meðferðarheimilinu haldist að lokinni útskrift. Hún bendir á að ýmsar rannsóknir bendi til þess að meðalárangur meðferðarheimila sé slakur, að sum börn nái árangri, önnur ekki og í enn öðrum tilfellum versni hegðun. Til að árangur náist þarf að velja réttu einstaklingana inná stofnanir en það eru þeir sem mælast í meðal- og mikilli áhættu. Því næst þarf að greina vandann og þarfir hjá viðkomandi og að lokum hvaða meðferðaraðferðir henta best hverju sinni. Árangurinn felst ekki einungis í einstaklingunum heldur einnig í gæðum stofnunarinnar en talið er að fjórir þættir þurfi að vera til staðar til þess að stofnun geti talist góð. Þeir eru trúnaður við meðferð, samstæður starfshópur, þekking á ofbeldi og öflug eftirmeðferð. Bryndís tekur þó fram að árangurinn sé einna bestur þegar unnið er inn á heimili einstaklinganna og nefnir hún í þessu tilfelli góðan árangur MST úrræðisins.

Í rannsókn sem Guðrún Kristinsdóttir (2004) framkvæmdi skoðar hún reynslu ungs fólks af langtímafóstri. Niðurstöður hennar leiddu í ljós að flest barnanna hefðu verið ánægð með fósturheimilin sem þau fóru á og upplifun þeirra af umönnun hafi verið almennt séð jákvæð en innan þess voru þó undantekningar. Nokkrir viðmælendanna nefna að ýmis efnisleg atriði, svo sem húsnæði og fatnaður, hefði að öllum líkindum verið mun verri ef þau hefðu verið áfram hjá kynforeldrum sínum. Einnig töldu nokkrir einstaklingar að aðstæður þeirra í barnæsku hefðu verið svo slæmar að það hefði getað farið mun verr hefðu þau ekki farið í fóstur, svo slæmt var ástandið á kynforeldrum þeirra, í flestum tilfellum vegna geðrænna vandkvæða eða ofneyslu vímuefna. Það að hafa þessa sýn á fóstrinu og viðurkenna slæma stöðu kynforeldranna hafði jákvæð áhrif á börnin og hjálpaði þeim að sætta sig við fóstrið. Svo voru aðrir einstaklingar sem ekki höfðu öðlast þennan skilning en þau liðu fyrir aðstæður sínar. Jafnframt gekk þeim verr í æsku sem upplifðu andlega vanlíðan og skorti stuðning, hvatningu og aðhald í fóstrinu.

Markmið með langtímafóstri er, eins og nefnt var að ofan, að barn upplifi sig sem hluti af fjölskyldunni. Rannsókn Guðrúnar Kristinsdóttur (2004) leiddi í ljós að þó að börnin upplifðu fullnægjandi aðstæður og umönnun, þá mynduðu þau oft á tíðum einungis laus tengsl við fósturforeldrana. Margar ástæður geta valdið því en fyrst og fremst er aðlögunin háð gagnkvæmum samskiptum barnsins og fósturfjölskyldunnar. Þegar skoðaðar voru aðstæður þeirra í nútímanum virtist sem svo að þeir einstaklingar sem ólust upp við góða umsjón og umönnun fósturforeldra og mynduðu sterk tengsl við þá, stæðu betur að vígi í dag. Sumir viðmælendanna sem áttu við ýmsa erfiðleika að stríða mynduðu þó ýmist jákvæð og sterk tengsl við fósturforeldrana eða lítil og neikvæð tengsl (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Þegar litið er á heildarniðurstöður rannsóknarinnar kemur í ljós hversu margbreytileg reynsla einstaklinganna af langtímafóstri er. Viðmælendurnir eru allt frá því að vera frekar sáttir við reynslu sína af fóstrinu og núverandi líf til þess að vera mjög ósáttir og eiga við erfiðleika í skapi að stríða sem og lifa óreglulegu líferni. Auk þess eru margir einstaklinganna bæði sáttir og í góðri stöðu í dag en aftur á móti finna þeir fyrir ýmsum erfiðleikum svo sem litlu sjálfstrausti og tilfinningalegri ólgu. Þó að margir viðmælendanna hafa komið fótunum vel undir sig hafa flest þeirra upplifað mikla erfiðleika í fortíðinni og hafa þarf í huga að öll börn í fóstur hafa sína eigin upplifun og reynslu að baki (Guðrún Kristinsdóttir, 2004).

Eins og sjá má á ofangreindum texta þá hafa ekki margar rannsóknir verið gerðar á árangri einstakra úrræða hér á landi. Þau úrræði sem virðist skila sem mestum árangri er MST og PMT. Árangur langtímameðferðarheimila virðist vera töluvert slakur og kemur því ekki á óvart að langtímameðferðarheimilum hafi verið fækkað undanfarin ár.

4. Félagsráðgjöf

Upphaf félagsráðgjafar má rekja til ýmissa góðgerðarfélaga og sjálfboðavinnu sem komu meðal annars í kjölfar iðnbyltingarinnar og bágrar stöðu almennings, en þróun velferðarkerfisins spilar einnig stóran þátt í undanfara félagsráðgjafar. Það starf sem átti sér stað á þessum tíma lagði grundvöll að nútíma félagsráðgjöf, en

félagsráðgjöf varð að sérhæfðri starfsgrein um aldamótin 1900 (Farley, Smith og Boyle, 2009; Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.-a.).

En hvað er félagsráðgjöf? Alþjóðasamtök félagsráðgjafa (International Federation of Social Workers) skilgreina félagsráðgjöf á eftirfarandi hátt; félagsráðgjafar stuðla að félagslegum breytingum, leita lausna á samskiptaerfiðleikum milli einstaklinga, efla fólk í að öðlast meiri vald á aðstæðum sínum og stuðla að auknu heilbrigði. Félagsráðgjafar koma til málanna þegar einstaklingar lenda í erfiðleikum með umhverfið og beita þar hagnýtum kenningum um mannlega hegðun og félagskerfið. Mannréttindi og félagsleg réttindi eru grundvallaratriði í félagsráðgjöf (International Federation of Social Workers, e.d.).

Ýmsar kenningar hafa verið viðloðandi félagsráðgjöf í gegnum tíðina en um aldamótin 1900 lögðu frumkvöðlar áherslu á heildarsýn og kerfishugsun í vinnu með skjólstæðingum. Undanfarin ár hefur athygli beinst að fjölkerfanálgun þar sem félagsráðgjafinn nýtir þekkingu sína í að beita sér í málefnum skjólstæðingsins og þjónustukerfum sem umlykja hann (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Í sögu félagsráðgjafa má finna margar kenningar um starfsaðferðir og ólíkar áherslur, en fyrst og fremst má nefna annars vegar áherslu á félagslega umbreytingarvinnu og hins vegar áherslu á einstaklinga og fjölskyldur í ljósi meðferðarvinnu. Í dag er þó áhersla lögð á að félagsráðgjafi geri sér grein fyrir þeim vanda sem einstaklingur getur staðið frammi fyrir vegna ýmissa samfélagsþátta og hvernig bregðast eigi við frekari þróun vandans (Sigrún Júlíusdóttir, 2006).

Sigrún Júlíusdóttir (2006) nefnir að fagmaður geti valið sér aðferðir í starfi sínu eftir sínum eigin áherslum og áhuga en hann sé þó bundinn tveimur þáttum. Þeir eru annars vegar siðareglur og siðfræði fagsins og hins vegar krafan um menntun, en hið síðarnefnda fellur þó í raun undir það fyrrnefnda.

Starf félagsráðgjafa þarf því að endurspegla siðareglur þeirra en þær fela fyrst og fremst í sér að virða manngildi og hafa trú á getu hvers einstaklings til að nýta hæfileika sína til fulls, vinna gegn félagslegum og persónulegum vanda sem og félagslegu ranglæti, og standa vörð um mannréttindi. Félagsráðgjafa ber einnig skylda til að uppfylla ýmis skilyrði svo sem að koma fram við skjólstæðinga sína af bæði virðingu og heiðarleika, upplýsa þá um réttindi, skyldur og hjálparúrræði,

hafa ávallt heildarsýn að leiðarljósi og viðhalda og efla þekkingu, færni og hæfileika sína í starfi (Félagsráðgjafafélag Íslands, e.d.-b).

Frá upphafi félagsráðgjafar hefur sú aðferð verið notuð að nálgast skuli skjólstæðinga út frá heildarsýn í leit að lausn vandans. Hugmyndafræði heildarsýnarinnar felur í sér það viðhorf að hver og ein manneskja er fjölbreytileg og einstök á sinn hátt og taka þurfi tillit til allra þeirra aðstæðna og umhverfisþátta sem umlykja hana, svo sem fjölskyldu, vina, vinnufélaga og jafnframt samfélagsins í heild sinni. Því gefur auga leið að félagsráðgjafar þurfa að búa yfir mikilli þekkingu á hinum ýmsu sviðum, til dæmis um bjargráð samfélagsins, kenningar um mannlega hegðun og samspil umhverfis og einstaklinga (Lára Björnsdóttir, 2006). Heildarsýnin gefur einnig félagsráðgjafanum vísbendingu um hvaða möguleikum einstaklingurinn býr yfir og jafnframt um þær hindranir sem hann stendur frammi fyrir (Farley, Smith og Boyle, 2009).

Hugtakið valdefling þróaðist meðal annars út frá umræðu fagfólks og rannsóknum á sviði félagsráðgjafar og er mikilvægi aðferðarinnar gífurlegt í starfi félagsráðgjafa (Sigrún Júlíusdóttir, 2006). Valdefling snýst um að einstaklingar öðlist meiri stjórn á lífi sínu og kemur það í hlutverk félagsráðgjafans að styðja fólk til sjálfshjálpar og vitundarvakningar. Valdeflingu er lýst sem ferli þar sem stuðlað er að virkni einstaklinga og valdaleysi þeirra er minnkað. Virknin leiðir af sér að einstaklingurinn upplifir sjálfan sig sem einskonar afl sem hann getur notað til þess að hafa áhrif á líf sitt, meðal annars með því að auka lífsgæði sín og ná tilsettum markmiðum (Neville, 2004). Í ferlinu er einblínt á styrkleika einstaklingsins, í stað þess að kanna hvað skjólstæðingurinn getur ekki, leggur félagsráðgjafinn áherslu á hvaða hæfileikum einstaklingurinn býr yfir. Með því að byggja ofan á styrk og bjargráð skjólstæðingsins hvetur félagsráðgjafinn einstaklinginn til þess að nota innri færni og hæfileika til þess að takast á við persónuleg og/eða félagsleg vandamál. Félagsráðgjafinn, í samvinnu við skjólstæðinginn, leitar að því hvernig best er að takast á við núverandi aðstæður og styður hann í hjálp til sjálfshjálpar (Farley, Smith og Boyle, 2009).

4.1 Barnaverndarstarfsmenn

Í grein sem Anni G. Haugen (2008) skrifaði er fjallað um barnaverndarstarfsmenn með aðaláherslu á kröfur þeirra og menntun. Í fyrstu tekur hún þó fram að fjölmargir einstaklingar koma að barnaverndarmálum, hvort sem þeir hafa bein samskipti við börnin eða ekki. Til að mynda má nefna þá aðila sem sitja í barnaverndarnefnd, barnaverndarstarfsmenn og meðferðar- og stuðningsaðila.

Samkvæmt barnaverndarlögum skulu barnaverndarnefndir sjá til þess að viðeigandi sérþekking sé innan barnaverndarstarfsins. Þær kröfur sem gerðar eru til barnaverndaryfirvalda eru meðal annars þær að viðunandi ráðgjöf, leiðbeiningar og fræðsla samkvæmt barnaverndarlögum eigi að vera til staðar fyrir forelda, stofnanir og aðra sem annast uppeldi. Auk þess er æskilegt að hæfileiki til faglegra rannsókna sé innan handar vegna vinnslu einstakra barnaverndarmála. Anni tekur aftur á móti fram að ofangreindar kröfur eru ekki fullnægjandi í daglegu starfi. Þó að formleg menntun sé vissulega mikilvæg, nefnir hún að óformleg þekking sem byggist á persónubundnum þáttum sé ekki síður nauðsynleg. Meðal annars færni til að mynda tengsl við einstaklinga, fá skilning og næmni á aðstæður þeirra, auk þess að nota fagþekkingu á jákvæðan og uppbyggilegan hátt svo allir þeir sem koma að málinu njóti virðingar (Anni G. Haugen, 2008).

Við vinnslu barnaverndarmála leitar starfsmaðurinn eftir því að veita fjölskyldunni aðstoð við að skapa viðeigandi aðstæður fyrir barnið. Þar með eru virkjaðir styrkleikar fjölskyldunnar og barnsins í ferlinu að betri aðbúnaði og unnið er í samvinnu að nauðsynlegum breytingum. Með öðrum orðum, valdefling á sér stað innan fjölskyldunnar þar sem starfsmaðurinn veitir einstaklingunum hjálp til sjálfshjálpar (Anni G. Haugen, 2008).

Anni skiptir daglegum verkefnum barnaverndarstarfsmanns gróflega niður í fjóra flokka en allar þær áherslur má finna í námi félagsráðgjafa. Fyrsti flokkurinn felur í sér að góð þekking og túlkun á barnaverndarlögunum er nauðsynleg, auk annarra laga svo sem lögum um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaganna. Annar flokkurinn leggur áherslu á mikilvægi góðrar þekkingar á líðan og þroska barna, svo sem að geta greint ummerki og einkenni ofbeldis og vanrækslu sem og þarfir og styrkleika barna. Þriðji flokkurinn snýst um að þekkja þurfi merki ýmissa vandamála hjá foreldrum, til dæmis neyslu og þunglyndi, þekkja

til ólíkra meðferða og geta komið auga á styrkleika foreldranna og umhverfisins. Seinasti flokkurinn felur í sér samskiptahæfileika, það er sú hæfni sem er nauðsynleg til þess að mynda gagnkvæmt traust og samstarf við barnið og fjölskylduna svo hægt sé að vinna í sameiningu að betrubættum aðstæðum. Auk þess er mikilvægt að eiga gott samstarf við fagfólk annarra stofnana sem koma að málum barnsins (Anni G. Haugen, 2008).

Til að starfið teljist vera faglegt þarf vinnsla málanna að byggja á athugunum, mati, framkvæmd, endurmati og endurgerðri áætlun. Grundvöllurinn af þessum þáttum er gerður úr traustum kenningum sem notaðar eru á faglegan hátt. Barnavernd samanstendur ekki af einhverri einni kenningu eða aðferð heldur er þekking hennar byggð á mörgum faggreinum svo sem sálfræði, félagsfræði, félagsráðgjöf og lögfræði. Þar með er nauðsynlegt að barnaverndarstarfsmaður tileinki sér þekkingu úr hinum ýmsu greinum svo úrvinnsla málanna verði sem best er á kosið. Félagsráðgjöfin er aftur á móti eina fagið þar sem sérstaklega er kennt um barnavernd og hvernig eigi að beita hinum ýmsu kenningum úr mismunandi fögum í barnaverndarstarfi. Því kemur ekki sérstaklega á óvart að samkvæmt könnunum virðist stærsti hluti barnaverndarstarfsmanna menntaðir félagsráðgjafar (Anni G. Haugen, 2008).

Til að mynda sýna niðurstöður rannsóknar frá árinu 2004 að af 22 barnaverndarstarfsmönnum sem rætt var við voru 14 félagsráðgjafar (Anni G. Haugen, 2008). Niðurstöður Freydísar Jónu Freysteinsdóttur (2005-c) leiddi einnig í ljós að af 48 barnaverndarstarfsmönnum sem tóku þátt í rannsókn hennar, voru 31 félagsráðgjafar, eða 65% þátttakenda. Jafnframt töldu 24 þátttakendanna að barnaverndarstarfsmenn ættu að vera með starfsréttindi í félagsráðgjöf. Að lokum sýna niðurstöður könnunar frá árinu 2008, þar sem markmið könnunarinnar var meðal annars að fá vitneskju um hver menntun barnaverndarstarfsmanna væri, að af 26 starfsmönnum sem höfðu þá svarað spurningalista kannanarinnar voru 17 þeirra með félagsráðgjöf í grunnmenntun eða 65% (Anni G. Haugen, 2008).

Lokaorð

Hér á landi hefur verið þróað öflugt kerfi sem verja á hagsmuni og aðbúnað barna. Þetta kerfi samanstendur af ýmsum lögum, reglugerðum, embættum og stofnunum sem eiga það sameiginlegt að vernda réttindi og hagsmuni barna og veita þeim viðunandi uppvaxtarskilyrði.

Eins og kom fram hér að ofan ber fyrst að nefna Barnalög nr. 76/2003, en stórt skref var tekið í hagsmunabaráttu barna þegar foreldrum var gerð skylda að vernda barn sitt gegn misbresti í uppeldi sem þau lög kváðu um. Barnasáttmálinn er jafnframt sá fyrsti alþjóðasamningur sem veitti börnum sértæk réttindi og er hann í raun grunnurinn að allri barnaverndarstarfsemi hérlandis, en hann var gerður fullgildur árið 1992. Sáttmálinn er yfirgripsmikill og nær til flestra hliða samfélagsins en í honum er meðal annars skylt að stjórnvöld komi upp viðeigandi ráðstöfunum sem vernda eigi börn gegn misbresti í aðbúnaði. Auk þess er kveðið á um fjögur svið réttinda barna; rétt til lífs, til að þroskast og læra, til þátttöku og að lokum rétt til verndar. Auk þessara laga er Umboðsmaður barna embætti sem hefur það að markmiði að bæta hag barna og sjá til þess að þörfum þeirra, hagsmunum og réttindum sé fullnægt svo öryggi og velferð barna séu tryggð í íslensku samfélagi.

Þó að það hafi verið komið upp yfirgripsmiklu barnaverndarkerfi hér á landi er staðreyndin samt sú að sum börn verða fyrir ofbeldi og/eða vanrækslu. Ýmsir þættir auka líkurnar á að misbrestur í aðbúnaði eigi sér stað en þeim þáttum hefur verið skipt niður í einstaklings-, fjölskyldu-, félagslega- og menningarlega áhættuþætti.

Afleiðingar misbrests í uppeldi eru í langflestum tilvikum neikvæðar og taka á sig hinar ýmsu birtingarmyndir. Rannsóknir hafa sýnt að barn getur þróað með sér andleg, líkamleg, félagsleg, hegðunar- og tilfinningaleg vandkvæði í kjölfar ofbeldis eða vanrækslu. Áhættuhegðun og innhverf vandkvæði eru meðal annars algengir fylgifiskar ofbeldis og vanrækslu. Barnið þróar þannig með sér hegðunarvandkvæði sem rekja má til skorts á aga, eftirliti og stuðningi í æsku. Afleiðingarnar brjótast þá fram meðal annars í formi ofbeldishneigðar, vímuefnaneyslu, félagslegum erfiðleikum og slakri sjálfstjórn sem getur í sumum

tilfellum þróast enn frekar í andfélagslegan persónuleika eftir því sem einstaklingurinn verður eldri ef ekkert er aðhafst.

Óörugg tengslamyndun milli barns og umönnunaraðila eru algeng þegar barn hefur orðið fyrir misbresti í uppeldi. Þegar ófullnægjandi tengsl hafa myndast aukast líkur á því að einstaklingurinn eigi erfitt með að mynda tengsl, meðal annars við jafnaldra og eigin börn. Auk þess er vert að nefna að einkennin sem orsakast af misbresti í æsku geta orðið langvarandi ef einstaklingurinn nær ekki að vinna úr þeim og í sumum tilfellum getur einstaklingur þróað með sér ýmsa geðræna sjúkdóma.

Eins og sjá má geta afleiðingar ofbeldis og vanrækslu orðið margvíslegar og alvarlegar og því er nauðsynlegt að viðeigandi úrræði séu innan handar. Starf barnaverndaryfirvalda er þar fremst í flokki og samanstanda þau af Velferðarráðuneytinu, Barnaverndarstofu, Kærunefnd barnaverndarmála og barnaverndarnefndum víðsvegar um landið. Starf þeirra grundvallast á barnaverndarlögunum frá árinu 2002 og er lykilmarkmið þeirra að tryggja þeim börnum sem hafa þörf á, nauðsynlega aðstoð. Þau úrræði sem voru nefnd voru hér að ofan eru annars vegar tilsjónarmaður, persónulegur ráðgjafi, stuðningsfjölskylda, foreldrafræðsla, MST og Barnahús sem eru úrræði sem veitt eru án töku barns af heimili og hins vegar fósturvistanir, Stuðlar og langtímameðferðarheimili sem eru ráðstafanir með töku barns af heimili.

Fjallað var um árangurstengdar rannsóknir meðal annars á fósturvistunum og meðferðarheimilum og má þar varpa fram spurningum um hvernig þessi stuðningsúrræði eru að virka hér á landi. Þar ber helst að nefna að árangur meðferðarheimila virðist ekki viðhaldast nægilega vel þegar einstaklingurinn fer aftur heim að lokinni útskrift, en í langflestum tilvikum tekur hann aftur upp fyrri hegðunarmynstur. Í rannsókn á einstaklingum í langtímafóstri voru einstaklingarnir í flestum tilfellum ánægðir í fóstrinu en glímdu þó við tilfinningalega erfiðleika í kjölfar þess og sumir fram eftir aldri.

Það úrræði sem virðist skila hvað mestum árangri er MST eða fjölkerfameðferð en PMT foreldranámskeið hafa einnig verið árangursrík og styrkt foreldra í uppeldishlutverki sínu. MST er talin sem gagnreynd aðferð en með því er átt við að samanburðarrannsóknir hafa sýnt fram á góðan árangur. Þær tölur og

niðurstöður sem nefndar voru hér að ofan ber þó að túlka með nærgætni þar sem úrtakið er lítið og úrræðið fremur nýtt héraendis.

Rannsóknir á árangri úrræða hér á landi er mjög ábótavant. Með því að stuðla að árangurstengdum rannsóknum gætu barnaverndaryfirvöld einblínt á notkun þeirra úrræða sem næði sem mestum árangri sem endurspeglast síðan í betri aðbúnaði og aðstæðum barna.

Við gerð þessarar ritgerðar vöknudu upp ýmsar spurningar varðandi barnavernd hér á landi. Sú spurning sem er mér ofarlega í huga er hvort að barnaverndarkerfið sem er til staðar hér í dag sé nógu gott til þess að vernda hagsmuni og aðbúnað barna. Sérstaklega í ljósi þess að tilkynnt er um allmörg börn en ekkert var aðhafst í málum margra þeirra. Því vil ég undirstrika það að þó að tilkynningum um misbrest í aðbúnaði barna hafi aukist gífurlega á undanförunum árum hefur fjöldi barnaverndarstarfsmanna nánast staðið í stað. Málafjöldi á hvern barnaverndarstarfsmann eykst samhliða fjölda tilkynninga sem gerir það að verkum að starfsmaður getur eytt minni tíma í hvert og eitt mál sökum álagsins. Af því sögðu get ég ekki annað en velt því fyrir mér hvort að álagið á barnaverndarkerfinu hafi neikvæð áhrif á vinnslu málanna svo sem að ekki sé komið nægilega til móts við þarfir barnanna eða að lítið sé framhjá börnum sem hafa þörf á aðstoð barnaverndaryfirvalda. Þó að ég efist ekki um að barnaverndarstarfsmenn séu að vinna góða vinnu í þágu barna tel ég að umfangsmeiri aðkoma yfirvalda og jafnvel vitundarvakning í samfélaginu gæti skipt sköpum hvað varðar aðstæður margra barna sem barnaverndarafskipti eru af.

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög nr.19/1940.

Anni G. Haugen. (2008). Barnaverndarstarfsmenn, kröfur og menntun. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX. Félags- og mannvísindadeild, Félagsráðgjafardeild, Sálfræðideild og stjórn málafræðideild* (bls. 357-369). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Barnalög nr. 76/2003.

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2000, nóvember). *Skýrsla um starfssemi og stöðu Barnahúss eftir tveggja ára tilraunarskeið*. Sótt 21. mars 2011 af <http://bvs.is/files/file51.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2008, september). *Markmið og leiðbeiningar við fjölþáttameðferð (MST)*. Sótt 20. mars 2011 af <http://bvs.is/files/file680.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2010). *Ársskýrsla 2008-2009*. Sótt 22. febrúar 2011 af <http://www.bvs.is/files/file874.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2011). *Bakhópur MST – Staðan 1. feb 2011*. Óbirt efni.

Barnaverndarstofa. (e.d.-a) *Hlutverk Barnaverndarstofu*. Sótt 18. mars 2011 af <http://bvs.is/?m=1&ser=17>.

Barnaverndarstofa. (e.d.-b). *Stuðningsúrræði*. Sótt 12. mars 2011 af <http://www.bvs.is/?ser=288&m=4>.

Barnaverndarstofa. (e.d.-c). *Skilgreiningar á hugtökum um fóstur barna*. Sótt 14. mars. 2011 af <http://bvs.is/?m=5&ser=64>.

Barnaverndarstofa. (e.d.-d) *Stuðlar*. Sótt 18. mars 2011 af <http://bvs.is/?m=6&ser=61>.

Barnaverndarstofa. (e.d.-e). *Meðferðarheimilið að Háholti*. Sótt 18. mars 2011 af <http://bvs.is/?ser=99&m=3>.

Barnaverndarstofa. (e.d.-f). *Meðferðarheimilið Laugaland*. Sótt 18. mars 2011 af <http://bvs.is/?ser=110&m=3>.

Barnaverndarstofa. (e.d.-g). *Meðferðar- og skólaheimilið Lækjarbakki*. Sótt 18. Mars 2011 af <http://bvs.is/?ser=335&m=3>.

- Barnaverndarstofa. (e.d.-h). *Fjölkorfameðferð (MST)*. Sótt 20. mars 2011 af <http://bvs.is/?m=13&ser=261>.
- Barnaverndarstofa. (e.d.-i). Barnahús. Sótt 20. mars 2011 af <http://bvs.is/?m=2&ser=70>.
- Bryndís S. Guðmundsdóttir. (2004). *Meðferð fyrir börn á stofnunum og/eða meðferðarheimilum*. Sótt 18. mars 2011 af <http://www.bvs.is/files/file417.doc>.
- Clark, L. (2007). *SOS! Hjálp fyrir foreldra* (Ágústína Ingvarsdóttir þýddi). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1991).
- Curtis, N.M., Ronan, K.R. og Borduin, C.M. (2004). Multisystematic Treatment: A Meta-Analysis of Outcome Studies [rafræn útgáfa]. *Journal of Family Psychology*, 18, 411-419.
- Farley, O. W., Smith, L. L. og Boyle, S. W. (2009). *Introduction to Social Work* (11. Útgáfa). Boston: Pearson.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.-a). *Saga félagsins*. Sótt 25. mars 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=5&Itemid=28>.
- Félagsráðgjafafélag Íslands. (e.d.-b). *Siðareglur félagsráðgjafa*. Sótt 25. mars 2011 af <http://www.felagsradgjof.is/index.php?option=content&task=view&id=8&Itemid=31>.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum IV – félagsvísindadeild* (bls. 180-189). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2004). Endurtekinn misbrestur í uppeldi barna: helstu áhættuþættir. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V – félagsvísindadeild* (bls.315-324). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005-a). Áhættuþættir ofbeldis og vanrækslu barna. Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna*. Reykjavík: Umboðsmaður barna og Háskóli Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005-b). *Risk Factors for Repeated Child Maltreatment in Iceland – An ecological approach*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2005-c). Skilgreiningar barnaverndarstarfsmanna á hugtakinu barnavernd. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI – félagsvísindadeild* (bls. 193-202). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2008) Unglingar í vanda. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 5-16.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (e.d.). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd*. Sótt 11. mars 2011 af <http://www.bvs.is/files/file468.pdf>.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2004). *Ég hef verið mjög sátt við að vera í fóstri en...* Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Hafnarfjörður. (e.d.). *PMT*. Sótt 18. mars 2011 af http://www.hafnarfjordur.is/pmt_forsida/pmt/.
- Halldór Sigurður Guðmundsson. (2007) Líðan og hegðun 11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi. *Tímarit félagsráðgjafa*, 2, 25-36.
- International Federation of Social workers. (e.d.). *Definiton of Social Work*. Sótt 25. mars 2011 af <http://www.ifsw.org/en/f38000138.html>.
- Jón Björnsson. (2008). *Afdrifakönnun hjá unglimum sem dvöldu á meðferðarheimili Barnaverndarstofu að Háholti á tímabilinu 1999 til ársloka 2004*. Sótt 18. mars 2011 af <http://bvs.is/files/file618.pdf>.
- Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi geng börnum á Íslandi – höggva, hýða, hirta, hæða, hóta, hafna, hrista, hræða*. Reykjavík: Umboðsmaður barna og Miðstöð heilsuverndar barna.
- Kim, J. Og Cicchetti, D. (2004). A Longitudinal Study of Child Maltreatment, Mother-Child Relationship Quality and Maladjustment: The Role of Self-Esteem and Social Competence. *Journal of Abnormal Child Psychology*, 32, 341-354.
- Lamb M.E., Gaensbauer T.J., Malkin M.C. og Schultz L.A. (1985). The Effects of Child Maltreatment on Security of Infant-Adult Attachment [rafræn útgáfa]. *Infant Behavior and Development*, 8, 35-45.
- Laugaland. (2005, desember). *Prepakerfið á Laugalandi*. Sótt 18. mars 2011 af <http://www.bvs.is/files/file357.doc>.
- Lára Björnsdóttir. (2006). Heildrænt skipulag í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn, Félagsráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 49-61). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Lög um umboðsmann barna nr. 83/1994*

- Mannréttindaskrifstofa Íslands. (e.d.). *Réttindi barna*. Sótt 5. febrúar 2011 af <http://www.humanrights.is/mannrettindi-og-island/hopar/born/>.
- Margrét Sigmarsdóttir. (2010, febrúar). *PMT-foreldrafærni – Staða verkefnis*. Sótt 22. apríl 2011 af http://www.hafnarjordur.is/pmt_forsida/pmt-foreldrafaerni/.
- Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R. D. (2007). *Child Maltreatment* (2. útgáfa). London: Sage Publications Ltd.
- Morton, N. og Browne K.D. (1998). Theory and Observation of Attachment and its Relation to Child Maltreatment: A Review [rafræn útgáfa]. *Child Abuse and Neglect*, 22, 1093-1104.
- Neville, D. (2004). *Putting Empowerment into Practice: Turning Rhetoric into Reality*. London: Whiting og Birch Ltd.
- Newman, D.M. og Grauerholz, L. (2002). *Sociology of Families* (2. útgáfa). London: Sage Publications Ltd.
- Ólöf Ásta Farestveit og Þorbjörg Sveinsdóttir. (2006). *Verndum þau*. Reykjavík: Mál og menning.
- Patterson, G.R., DeBaryshe, B. og Ramsey, E. (1990). A Developmental Perspective on Antisocial Behavior [rafræn útgáfa]. *American Psychologist*, 44, 329-335.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2006). Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu – eitt sérfræðisviðauki. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór Sig. Guðmundsson (ritstjórar), *Heilbrigði og heildarsýn, Félagráðgjöf í heilbrigðisþjónustu* (bls. 33-48). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd.
- Stevenson, O. (2008). *Neglected Children and Their Families* (2. útgáfa). Oxford: Blackwell Publishing Ltd.
- Stuðlar. (e.d.). *Meðferðardeild*. Sótt 18. mars 2011 af http://www.studlar.is/index.php?option=com_content&view=article&id=54&Itemid=27.
- Umboðsmaður barna. (e.d.-a). *Stutt umfjöllun um barnasáttmálann*. Sótt 5. febrúar 2011 af <http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/>.
- Umboðsmaður barna. (e.d.-b). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. Sótt 28. Febrúar 2011 af http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/.
- Umboðsmaður barna. (e.d.-c). *Hlutverk umboðsmanns barna*. Sótt 5. febrúar 2011 af http://www.barn.is/adalsida/um_embaettid/hlutverk_umbodsmanns_barna/.
- Örnólfur Thorlacius. (2011). *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi*. Reykjavík: Barnaheill.